



Borgarráð

Bronsslétta 7, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Íslenska gámafélaginu ehf., kt. 470596-2289, lóð við Bronssléttu 7 og selja byggingarrétt að 2021,6 m² ofanjarðar fyrir 70.486.000 kr. Auk greiðslu fyrir byggingarrétt greiðast um 57.209.032 kr. í gatnagerðargjöld. Fjárhæð gatnagerðargjalda getur breyst til hækkunar við álagningu þeirra við innlögn byggingarnefndateikninga. Heildar greiðsla fyrir byggingarrétt og gatnagerðargjöld er 127.695.032 kr.

Greinargerð

Á fundi þann 30. apríl 2020 samþykkti borgarráð að veita Íslenska gámafélaginu ehf. vilyrði fyrir úthlutun á lóðunum Bronsslétta 7 og Járnslétta 8 og meðfylgjandi byggingarétti, sbr. **fylgiskjal 1 og 2**. Lóðarvilyrðið var háð því skilyrði að Íslenska gámafélagið ehf. sýndi fram á að lóðin Kalkslétta 1, sem félagið hafði þegar fengið úthlutað, dygði ekki fyrir starfsemi félagsins. Ef til úthlutunar kæmi skyldi greitt fyrir byggingarétt lóðanna markaðsvirði að mati tveggja óvilhallra fasteignasala auk gatnagerðargjalda samkvæmt gjaldskrá. Lóðarvilyrðið gildir til ársloka 2024. Á fundi borgarráðs þann 1. júlí 2021 samþykkti borgarráð að úthluta Íslenska gámafélaginu ehf. lóðinni Járnsléttu 8 og selja byggingarétt á lóðinni, sbr. **fylgiskjal 3 og 4**. Fyrir liggur minnisblað frá Íslenska gámafélaginu ehf. um þörf á stækkun athafnasvæði félagsins, sbr. **fylgiskjal 5**. Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að mikil aukning hafi orðið í starfsemi Íslenska gámafélagsins ehf. á síðustu árum og að magn úrgangs sem meðhöndlaður sé hjá félaginu hafi aukist gríðarlega. Auk þess hafi heildsala félagsins á ílátum og rekstrarvörum tengdum sorphirðu aukist á undanförunum árum. Þessi mikla aukning kalli á aukið svæði til meðhöndlunar til vinnslu. Með breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sem feli í sér að gert sé skylt að safna ákveðnum úrgangsflokkum sérstaklega og aðskildum, sem og kröfur um söfnun á gleri, hafi plássþörf aukist. Í minnisblaðinu er að finna yfirlitsmynd á Kalksléttu 1 miðað við núverandi stöðu og vísað til þess að hver fermetri sé fullnýttur. Í minnisblaðinu er jafnframt fjallað um framtíðaruppbyggingu félagsins og að í undirbúningi sé ný spilliefna- og málmvinnsla á Kalksléttu 1. Eins og staðan sé á Kalksléttu 1 í dag þá sé ekki pláss og að þörf sé á því að losa Kalksléttu 1 með því að færa fyrirferðarmikil tæki á Bronssléttu 7. Að öðru leyti en hér segir vísast til þess sem fram kemur í minnisblaðinu. Þá liggja fyrir verðmöt tveggja óvilhallra fasteignasala á verði byggingaréttarins, sbr. **fylgiskjal 6 og 7**. Gjaldtagi byggingaréttarins og gatnagerðargjalda er 45 dögum eftir staðfestingu borgarráðs á úthlutun lóðarinnar. Ef Íslenska gámafélagið ehf. innir ekki af hendi greiðslu vegna byggingaréttar og gatnagerðargjalda innan tilskilins frests fellur úthlutun lóðarinnar niður með afturköllun borgarráðs á úthlutuninni. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir. Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá júní 2013. Áður en gerður hefur verið lóðarleigusamningur um lóð er lóðarhafa óheimilt að veðsetja byggingarrétt sinn, nema að fengnu sérstöku veðleyfi Reykjavíkurborgar. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst. Byggingarleyfisgjald, úttektargjöld, skipulagsgjald, bílastæðagjald og önnur slík gjöld greiðast af lóðarhafa, eftir því



sem við á, í samræmi við reglur og eftir þeim gjaldskrá sem gilda hverju sinni. Fasteignagjöld greiðast við útgáfu lóðarleigusamnings en reiknast frá úthlutun lóðar. Tengigjald fráveitu og önnur heimlaggjöld Veitna eru innheimt af Veitum ohf. skv. gjaldskrá. Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða auk viðbótargatnagerðargjalds, uppreiknað kaupverð byggingarréttarins fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar. Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við.

Um lóðina gilda almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/2015uthlutunarskilmalar_almennir_loda_og_framkvaemdaskilmalar_02072015-1.pdf, og deiliskipulag fyrir Esjumela, sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 11. september 2020, sbr. **fylgiskjal 8**.

Ívar Örn Ívarsson
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð borgarráðs 30. apríl 2020 (sjá dagskrárlíð nr. 42).
2. Lóðarvilyrði vegna Bronsslétu og Járnslettu 8 (R20040172).
3. Fundargerð borgarráðs 1. júlí 2021 (sjá dagskrárlíð nr. 48).
4. Járnsletta 8, úthlutun og sala byggingarréttar (R21060227).
5. Minnisblað Íslenska gámafélagsins ehf. (ódags.) „Minnisblað_Aukinn stækkunarþörf ÍG“.
6. Verðmat frá Landmark Fasteignamiðlun, dags. 23.06.2023.
7. Verðmat frá Eignamiðlun, dags. 28.08.2023.
8. Deiliskipulag vegna lóðarinnar, birt í B-deild Stjórnartíðinda 11. september 2020.

BORGARRÁÐ

Ár 2020, fimmtudaginn 30. apríl, var haldinn 5584. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:10. Viðstödd voru auk borgarstjóra; Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Líf Magneudóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Sanna Magdalena Mörtudóttir, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Ívar Vincent Smáráson, Ólöf Magnúsdóttir og Sindri Freyr Ásgeirsson. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 24. apríl 2020, sbr. samþykkt borgarstjórnar frá 21. apríl 2020 á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, ásamt fylgiskjöllum. R18060129
2. Lagðar fram fundargerðir endurskoðunarnefndar frá 26. febrúar, 5., 10., 19. og 25. mars og 8. og 14. apríl 2020. R20010018

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun undir fundargerðinni frá 8. apríl:

Athygli vekur að Ríkisskattstjóri hefur lagt fram fyrirspurn til endurskoðunarnefndar Reykjavíkur dags. 16. mars, þess efnis að gera verður grein fyrir hvernig tryggt verður að innihald og framsetning skýrslu stjórnar Félagsbústaða hf. sé viðeigandi og uppfylli ákvæði VI. kafla laga nr. 3/2006, um ársreikninga og reglugerðar nr. 696/2019, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga á fundi nefndarinnar þann 9. apríl sl. Eins og alþjóð veit sagði einn nefndarmaður sig úr nefndinni vegna ágreinings um uppgjörsaðferð Félagsbústaða. Það er kristaltært að þessu máli er hvergi nærri lokið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 4. lið fundargerðarinnar frá 8. apríl:

Eitt af viðfangsefnum endurskoðunarnefndarinnar er vinnuferli við gerð reikningsskila eins og kemur fram í bréfi formanns endurskoðunarnefndarinnar. Um þetta hefur aldeilis verið deilt þegar kemur að reikningsskilaaðferð Félagsbústaða. Svo mikil var óeiningin að einn nefndarmanna taldi sig knúinn til að stíga úr nefndinni. Endurskoðunarnefndin hlýtur að sjá að þegar slíkt gerist vakna spurningar og efasemdir. Í þeim gögnum sem liggja fyrir er það margsagt að þetta sé allt edlilegt, að þau félög sem beita þessum staðli hafi val um að færa fjárfestingareignir á gangverði eða afskrifuðu kostnaðarverði. Það hlýtur að hafa verið áfall fyrir endurskoðunarnefndina og meirihlutann þegar virtur endurskoðandi og hæstaréttarlögmaður segir sig úr nefndinni vegna ágreinings um reikningsskilaaðferðina sem notuð er við uppgjör fasteigna Félagsbústaða sem hann segir að standist ekki skoðun. Matsbreytingar á fasteignum félagsins, ólíkt í öðrum óhagnaðardrífnum félögum í EES ríkjum eru teknar inn í hagnað félagsins. Fæstir hafa botnað í þessari reikningsskilaaðferð við uppgjör félags eins og Félagsbústaða, milljarða hagnaður en samt sífelld fjárförf, viðhaldi ábótavant og leiga hækkuð reglulega.

3. Lögð fram fundargerð fjölmeningarráðs frá 7. apríl 2020. R20010020
4. Lögð fram fundargerð innkauparáðs frá 20. apríl 2020. R20010004
5. Lögð fram fundargerð ofbeldisvarnarnefndar frá 6. apríl 2020. R20010021

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 3. og 4. lið fundargerðarinnar:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af því sem fram hefur komið á opinberum vettvangi að heimilisofbeldi kunni að hafa aukist á þessum óvissutímum og að það gæti orðið enn alvarlegra. Á tímum sem þessum og öllum tímum er brýnt að við höldum öll vöku okkar og tilkynnum mál verðum við vör við ofbeldi eða höfum grun um að ofbeldi sé beitt á heimili ekki síst þar sem börn eru. Þeirra staða er enn erfiðari þar sem takmörkun er á skólasókn vegna COVID-19 og einnig vegna verkfalla. Ofbeldi er ekki einkamál. Að baki hverju barni stendur samfélag. Það þurfa allir, ættingjar, vinir, kunningjar og nágrannar að vera á vaktinni. Barnið þitt er barnið mitt og mitt barn er einnig þitt barn. Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill benda á að umfjöllun og umræða um þessi mál er fyrir þolendur stundum hreint lífsspursmál. Vönduð og fagleg umræða sem er laus við hræðsluáróður og fordóma skilar árangri með margs konar hætti og til lengri tíma. Með því að tala tæpitungulaust um þessi mál vita þolendur að þeir eru ekki einir. Umfjöllun er einnig fyrirbyggjandi. Hún er skilaboð til gerenda og hvatning til þolenda að stíga fram og leyfa okkur sem samfélagi að hjálpa.

6. Lögð fram fundargerð skipulags- og samgönguráðs frá 29. apríl 2020. R20010008 B-hluti fundargerðarinnar er samþykktur.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Stjórn umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis hefur lagt fram fyrirspurn til borgarstjóra um samkomulag ríkisins við Reykjavíkurborg um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni. Er vísað í samkomulag sem borgarstjóri og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra undirrituðu þann 28. nóvember sl. Samkvæmt samkomulaginu á að tryggja rekstraröryggi Reykjavíkflugvallar meðan unnið verði að undirbúning og byggingu nýs flugvallar þannig að hann geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til nýr flugvöllur er tilbúinn. Í samkomulaginu lýsir Reykjavík yfir vilja sínum til þess að tryggja nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi. Lýsir stjórnin yfir miklum áhyggjum um að samkomulagið haldi ekki því í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkur til 2024 er gert ráð fyrir nýju íbúðahverfi í Skerjafirði sem hefur áhrif á athafnasvæði flugvallarins og vísað er í breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur. Óskað er eftir að borgarstjóri staðfesti sameiginlegan skilning hans og ráðherra um að flugvöllurinn verði tryggður í Vatnsmýrinni. Í loðnu svari borgarstjóra er vísað í „Samkomulag um skipulag og uppbyggingu á landi ríkisins við Skerjafjörð“ sem gert var 1. mars 2013 þar sem borgin „skuldbatt“ sig til að hraða skipulagi og uppbyggingu umrædds svæðis. Miklar áhyggjur nefndarinnar eru fullkomlega réttmætar og ljóst að ekkert traust ríkir í garð borgarstjóra um að samkomulagið haldi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 21. lið fundargerðarinnar:

Flokkur fólksins harnar að þessi tillaga að göngugötum Laugaveg frá Klapparstíg að Ingólfsstræti, Vegamótastígur frá Laugavegi að Grettisgötu og Skólavörðustíg frá Bergstaðastræti að Laugavegi, hafi verið lögð fram núna án þess að náð sé samkomulagi við borgarbúa og ekki síst rekstraradila á svæðinu. Vinnubrögð borgaryfirvalda hafa verið mjög gagnrýnd vegna þess að hér er farið gegn vilja fjölmargra og sennilega góðs meirihluta. Minnt er á ný umferðarlög sem kveða á um heimild P merktra bíla að aka göngugötur og leggja. Ekki er hægt að sjá á myndum sem birtar eru með í málinu hvar þau stæði eigi að vera. Til að hægt sé að aka göngugötu þarf að fjarlægja hindranir. Skynsamlegra hefði verið að bíða með þessi mál nú þegar komum fólks hefur snarfækkað í bæinn enda verslanir orðnar fáar nema þær sem þjónusta ferðamenn. Spurning er um framtíð þeirra þar sem

ferðamenn eru ekki á Íslandi núna og verða ekki á næstunni eftir því sem spáð er vegna COVID-19. Þessi tilaga hefði því vel mátt bíða enda vanhugsuð. Meirihlutinn tók um þetta einhliða ákvörðun og birti í meirihlutasáttmálanum en þessi ákvörðun stríðir gegn hagsmunum borgarbúa og hana þarf því að endurskoða. Flokkur fólksins mótmælir því að hún sé lögð fram nú til samþykktar.

7. Lögð fram fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 30. mars 2020. R20010013

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun undir 2. lið fundargerðarinnar:

Hér kemur fram að aðgerðaráætlun um fjárhagslega endurskipulagningu hafi verið lögð fram. Enn fremur að mat hafi verið lagt á aðgerðaráætlunina. Þessi aðgerðaráætlun fylgir ekki fundargerðinni. Það er mikilvægt að borgarráð sé upplýst um hvaða fyrirætlanir séu í bígerð og hvaða aðkomu Reykjavíkurborg á að hafa af þessari fjárhagslegu endurskipulagningu eða hvort gjaldskrár þurfi að hækka vegna framúrkeyrslu vegna GAJA, gas- og jarðgerðarstöðvarinnar.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það eru mikil gleðitíðindi að stjórn SORPU bs. og Strætó bs. séu að átta sig á marg framlögðum tillögum borgarfulltrúa Miðflokksins að hefja samstarf með notkun metans á strætisvagna. Húrra, húrra kominn tími til – betra er seint en aldrei. Það þurfti gjaldþrot SORPU til.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 4. lið fundargerðarinnar frá 30. mars:

Fram kemur í liðnum að ráðinn hafi verið nýr starfsmaður sem mun sinna markaðsþróun viðskipta með efnisstrauma sem verða til í GAJA. Stjórnun SORPU hefur verið einkennileg undarfarin misseri. Gnótt hefur verið til af metani. Því hefur verið brennt á báli eftir söfnun og ekkert gert til að koma því í umferð. Flokkur fólksins hefur margoft bent á þessa óstjórn, aldrei við neinar jákvæðar undirtektir. Tillögur hafa verið felldar t.d. með þeim orðum að þær séu vanhugsaðar. En nú á að ráða nýja starfsmann til að reyna að koma afurðum GAJA í notkun því stjórn SORPU ræður ekki við verkefnið? Í kjölfar bókunar stjórnarmanns SORPU við tillögu Flokks fólksins að selja ætti metan á kostnaðarverði þar sem stjórnarmaðurinn segir að tillagan gæti brotið í bága við samkeppnislög leitaði borgarfulltrúi til Samkeppniseftirlitsins til að fá staðfest hvort þetta er rétt. Tillagan var ekki um að selja metan undir kostnaðarverði heldur á kostnaðarverði. Í svari Samkeppniseftirlits segir m.a.: „Samkeppnislögin banna ekki að markaðsráðandi fyrirtæki taki virkan þátt í samkeppni, heldur þvert á móti, en gæta verður að því að verðlagningin sé í samræmi við þær kröfur sem hvíla á markaðsráðandi fyrirtækjum, s.s. að vara sé ekki seld undir kostnaðarverði eða viðskiptaáðilum sé mismunað“.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Framleiðsla á metangasi og jarðvegsbæti mun aukast verulega með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar, GAJA. Í því tilliti er mikilvægt að setja aukinn kraft í markaðs- og þróunarstarf á afurðum stöðvarinnar. Það er því ekkert óeðlilegt að ráða verkefnastjóra til þess að vinna áætlanir um að nýta sem best afurðir GAJA. Með ráðningu starfsmanns í þessi verkefni er stjórn SORPU einmitt að taka málin föstum tökum og setja þau í betri farveg en þau hafa verið. Varðandi verðlagningu SORPU á metani þá er hún nú í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til markaðsráðandi fyrirtækja.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi gagnbókun:

Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins finnst gott að heyra að stjórnarmaður SORPU í Reykjavík viðurkennir að stjórn hefur ekki staðið sig í metanmálunum og lítið gert til að koma því á markað. Nýr starfsmaður hefur verið ráðinn til að vinna verkið. Kostnaður fylgir nýjum starfsmanni og má spyrja hvort það kalli ekki á enn frekari lántöku hjá SORPU?

8. Lagðar fram fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 22. mars og 3. og 17. apríl 2020. R20010017

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það eru mikil gleðitíðindi að stjórn SORPU bs og Strætó bs. séu að átta sig á marg framlögðum tillögum borgarfulltrúa Miðflokksins að hefja samstarf með notkun metans á strætisvagna. Húrra, húrra kominn tími til – betra er seint en aldrei. Það þurfti gjaldþrot SORPU til.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 1. lið fundargerðarinnar frá 22. mars og 1. lið fundargerðarinnar frá 3. apríl:

Tekjur hafa dregist mikið saman hjá Strætó bs. og farþegafjöldi hefur minnkað. Ákveðið var vegna COVID-19 að draga verulega úr ferðum eða allt niður í 35% minni akstur á virkum dögum. Borgarfulltrúi Flokks fólksins er hugsí yfir hvernig komið er fyrir almenningssamgöngum í borginni. Enda þótt einstaka vagnferðir séu vel nýttar í eðlilegu árferði eru farnar margar ferðir með fáa farþega. Strætókerfið er dýrt sem sjá má á verði fargjalds sem var nýlega hækkað. Stök ferð kostar tæp 500 krónur og hentar því illa þeim sem nota strætó endrum og sinnum. Í Covid aðstæðunum var ákveðið að þrátt fyrir fækkun ferða til muna á ekki að lækka gjöld eða framlengja gildistíma strætókorta. Erfitt er að virða 2. metra regluna í strætó. Það er mat borgarfulltrúa Flokks fólksins að Strætó bs. verði að koma til móts við farþega sína, fasta viðskiptavinum sem hafa ekki getað nýtt sér strætó ýmist vegna COVID-19 og/eða vegna stopulla ferða. Taka ætti ákvörðun um að framlengja gildistíma strætókorta sem nemur þeim tíma sem fækkun ferða náði yfir og lækka mætti einstaklingsmiða um helming. Strætó mun ekki þrífast ef enginn stígur inn í þá. Nú er lag að sýna jákvætt viðmót og gera allt til að laða fólk í vagnanna.

9. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 28 mál. R20030261

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun undir 3. lið yfirlitsins:

Stærsti núverandi urðunarstaður á landinu er hjá SORPU í Álfsnesi. Í lok árs 2020 verður urðun hætt þar. Vakin er athygli á því að ekki hefur verið fundinn nýr staður til urðunar og telja Sjálfstæðismenn í borgarráði að hraða þurfi þeirri vinnu í þeirri viðleitni að finna lausn til framtíðar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 17. lið yfirlitsins:

Nú liggur fyrir að ekki á að fella niður leigu hjá Félagsbústöðum í einn einasta mánuð eins og tillaga fulltrúa Flokks fólksins fól í sér. Einnig var lagt til að Félagsbústaðir falli frá innheimtu á leiguskuldum leigjenda og frysti þær sem eru í innheimtuferli vegna COVID-19 - Því er einnig hafnað. Aður hefur Flokkur fólksins lagt til að fallið verði frá að senda skuldir í innheimtu Motus en þeirri tillögu var einnig hafnað. Í svari segir að niðurfelling leigu í einn mánuð nemi tæpum 310 mkr. og myndi leiða til þess að handbært fé yrði neikvætt um tæpar 200 mkr. á árinu 2020 og ef mánuðir væru tveir ykist hallinn um 310 mkr. að óbreyttu.

Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta ekki mikið fé ef skoðað er hversu vel þetta myndi koma þessum viðkvæma hópi. Greiðsluáðlögun dugar einfaldlega ekki til í tilfellum t.d. þeim sem fólk hefur orðið fyrir atvinnumissi eða tekjufalli. Að hægja á málum sem snúa að greiðsluáskorunum er skammgóður vermir. Í ofanálög svífur yfir fólki sem skulda, innheimtukröfur lögfræðinga með meðfylgjandi vöxtum. Formaður velferðarráðs situr í stjórn Félagsbústaða og ætti því að vera handhægt að leita eftir samþykki borgarstjórnar fyrir auknum greiðslum úr borgarsjóði til að mæta tekjutapinu sem fylgir niðurfellingu á leigu þótt ekki væri nema í einn mánuð.

10. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1020/2019. R20030262

11. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. apríl 2020, sbr. synjun skipulags- og samgönguráðs frá 1. apríl 2020 á breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 37 við Grandaveg, ásamt fylgiskjölum. R20040035
Synjun skipulags- og samgönguráðs er staðfest.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

12. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. apríl 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 15. apríl 2020 á lýsingu að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla, ásamt fylgiskjölum. R20040126
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í tengslum við skipulagningu Rauðhólasvæðisins tekur Flokkur fólksins undir það mat og álit skipulagsfulltrúa að Rauðhólar eigi að tilheyra Reykjavíkurborg en ekki Orkuveitunni. Þar sem borgin er nú að skipuleggja svæðið um Rauðhóla þá ætti svæðið að heyra undir borgina en ekki Orkuveituna. Þegar Hólarnir voru friðaðir sem fólkvangur árið 1974 átti Reykjavíkurborg jörðina Elliðavatn og þar með Rauðhóla, en þegar Orkuveitan var stofnuð þá rann jörðin Elliðavatn inn í eignasamsteypu þess og sá hluti Heiðmerkur sem tilheyrði Elliðavatni ásamt Rauðhólum var því ekki lengur eign borgarinnar. Auðvitað eiga Rauðhólar frekar að vera eign borgarinnar en Orkuveitunnar. Borgin ber allan kostnað af rekstri og umsjón og því ekki eðlilegt að svæðið sé eign Orkuveitunnar.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

13. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. apríl 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 15. apríl 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi milli Seljavegar og Ánanausta vegna lóðarinnar nr. 67 við Vesturgötu, ásamt fylgiskjölum. R20040124
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

14. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir vegna endurgerðar opinna leiksvæða á árinu 2020, ásamt fylgiskjölum. R20040077
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

15. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. apríl 2020, þar sem yfirlit yfir áætlaðar viðhaldsframkvæmdir Reykjavíkurborgar á árinu 2020 er sent borgarráði til kynningar. R20040177

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg fer í viðhaldsframkvæmdir fyrir tæpa 5,7 milljarða króna í ár. Þar af er milljarður króna áætlaður í sérstök viðhaldsverkefni sem hluta af atvinnuátaki vegna COVID-19. Að öðru leyti er um að ræða hefðbundið árlegt viðhald á fasteignum, lóðum, götum, göngu- og hjólastígum, götulýsingu, leikvöllum og opnum svæðum. Alls er áætlað að 3,15 milljarðar króna fari í viðhald fasteigna Reykjavíkurborgar á þessu ári. Þar af fer stærsti hlutinn í grunn- og leikskóla, eða tæplega 2,1 milljarður króna. Enn fremur fara 360 milljónir króna í viðhald grunn- og leikskólalóða. Sem hluti af sérstaka atvinnuátakinu renna 620 milljónir til viðbótar til viðhalds leik- og grunnskóla. Samtals fara því rúmlega 3 milljarðar í þennan málaflokk. Einnig rennur hálfur milljarður í íþróttamál og 120 milljónir í velferðarmál. Lögð er áhersla á viðhald gatna- og gönguleiða á árinu en í það fara 823 milljónir króna. Einnig fara 328 milljónir í viðhald leikvalla og opinna svæða.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Myglu- og rakavandi í skólum er enn stórt vandamál og verður sennilega næstu ár þar sem viðhald hefur verið vanrækt árum saman. Hlé var gert á viðhaldi í COVID aðstæðunum, jafnvel þótt enginn væri í skólunum. Í Fossvogsskóla kom upp veikindi aftur eftir stórtækar viðgerðir. Vonandi hefur tekist að lagfæra það með varanlegum hætti. Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram fyrirspurnir til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um þessi mál og fékk bágt fyrir. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins vill áréttta að fyrirspurnir hans endurspeglu líðan, hugsanir og tilfinningar borgarbúa í þeim málum sem um ræðir hverju sinni og eru byggðar á erindi fólks til áheyrnarfulltrúans. Skortur á viðhaldi skólahúsnæðis með tilheyrandi mygluskemmdum hefur haft djúpstæð áhrif á börn, foreldra og starfsfólk skóla, líkamlega og andlega. Margir hafa veikst og sumir ekki náð sér að fullu.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

16. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir vegna endurnýjunar götutrjáa á árinu 2020. R20040178
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins benda á að verkefni þetta er til afgreiðslu borgarráðs en engu að síður er verkefnið farið af stað. Þetta er ekki vönduð stjórnsýsla, þ.e. að sækja heimild eftir að verkefnið er hafið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Bókun Flokks fólksins við bréfi skrifstofustjóra framkvæmda og viðhalds þar sem óskað er eftir að heimila verði að bjóða út framkvæmdir vegna endurnýjunar götutrjáa 2020. Í bréfi umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. júlí 2019, var óskað eftir heimild til að bjóða út framkvæmdir vegna endurnýjun götutrjáa 2019. Kostnaðaráætlun er 20 m.kr. Nú á að fjarlægja 21 ösp og setja lágvaxnari tegundir

sem sagt er að auki „líffræðilega fjölbreytni“. Flokkur fólksins vill benda á að ef breyta á aðeins einu og einu beði eykur það varla „líffræðilega fjölbreytni“, slík hugtök eru notuð á stærri skala. Fulltrúa Flokks fólksins finnst það bagalegt að á meðan tugir sambærilegra verkefna eins og þetta eru nú samþykkt eru ýmsum tillögum um beina aðstoð til fólks synjað þegar tekjumissir er yfirvofandi. Flokkur fólksins vill að hugað verði að fólkinu frekar en að eyða tugum milljóna í að fella aspir. Hægt er að laga gagnstéttir fyrir minna fé. Fólk þarf að vera í fyrsta sæti ekki síst núna. Þetta er útsvarsfé borgarbúa sem hér er verið að sýsla með og það er skylda þeirra sem ráða að sjá til þess að borgarþátttakendur allir sem einn fái fullnægjandi aðstoð og þjónustu. Það er hugmyndafræði samneyslunnar. Þegar sú þjónusta er trygg er hægt að fara skoða verkefni eins og þetta.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

17. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við 2. áfanga endurgerðar á útivistar- og torgsvæðum í Mjódd, ásamt fylgiskjölum. R20040164
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við 2. áfanga endurgerðar á útivistar- og torgsvæðum í Mjódd. Kostnaðaráætlun 2 er 50 m.kr. sem virðist vera skot í loftið. Rökstuðning vantar. Flokkur fólksins fagnar allri uppbyggingu í Mjódd enda komin tími á upplýftingu auk þess sem verkefnið er jákvætt í atvinnuleysinu. Búast má við góðum tilboðum. Óskað er engu að síður eftir að fá nánari upplýsingar, sundurliðun á hvernig nýta á þessar 50 milljónir og hvernig þær dreifast. Ein mynd fylgir með beiðninni sem segir lítið. Það á við um fleiri mál sem lögð eru hér fram, auðvelt er að fá það á tilfinninguna að giskað sé á kostnað og skellt með einni mynd. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta ekki viðunandi. Hér er verið að tala um margar milljónir. Nákvæm og vönduð áætlun skiptir öllu máli til að afstýra framúrkeyrslum. Heldur er ekki gott að ofátla, slíkt bíður líka upp á hættu á að farið verði kæruleysislega með fé borgarbúa. Í svona málum þarf að leggja nákvæma áætlun fram í borgarráði.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

18. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við breytingar á Skyggnisbraut í Úlfarsárdal í tengslum við nýtt íbúðahverfi við Leirtjörn, ásamt fylgiskjölum. R20040075
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

19. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við gatnagerð vegna nýrra atvinnulóða við Bústaðaveg 151-153 ásamt breytingum á Bústaðavegi og gerð nýrra göngu- og hjólastíga, ásamt fylgiskjölum. R20040078
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

20. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við endurgerð gatnamóta við

Laugalæk og Hrístateig og uppsetningu grenndarstöðvar við Hrístateig, ásamt fylgiskjöllum. R20040181
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Óskað er eftir í þessum lið að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við endurgerð gatnamóta við Laugalæk og Hrístateig ásamt uppsetningu grenndarstöðvar við Hrístateig. Kostnaðaráætlun 2 er 50 m.kr. Rökstuðning vantar. Flokkur fólksins fagnar verkefninu enda jákvætt í atvinnuleysinu. Búast má við góðum tilboðum. Óskað er engu að síður eftir að fá nánari upplýsingar, sundurliðun á hvernig nýta á þessar 50 milljónir og hvernig þær dreifast. Ein mynd fylgir með beiðninni sem segir lítið. Upplýsingar eru rýrar. Það á við um fleiri mál sem lögð eru hér fram, auðvelt er að fá það á tilfinninguna að giskað sé á kostnað og skellt með einni mynd. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta ekki viðunandi. Hér er verið að tala um margar milljónir. Nákvæm og vönduð áætlun skiptir öllu máli til að afstýra framúrkeyrslum. Heldur er ekki gott að ofáætla, slíkt bíður upp á hættu líka að farið verði kæruleysislega með fé borgarbúa. Nákvæmar upplýsingar um áætlun þarf að leggjast fyrir borgarráð.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

21. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við endurgerð Norðurstígs og Nýlendugötu milli Norðurstígs og Ægisgötu, ásamt fylgiskjöllum. R20040180
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

22. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. apríl 2020, þar sem yfirlit malbiksframkvæmda á vegum Reykjavíkurborgar sem unnar voru á árunum 2018 og 2019 eru send borgarráði til kynningar. R19010107

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

23. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 28. apríl 2020:

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita íbúaráðum borgarinnar alls 30 m.kr. til að úthluta til verkefna sem hafa það markmið að efla hverfisanda, mannlíf og menningu sumarið 2020. Gert er ráð fyrir að efnt verði til eða auglýst yrði eftir verkefnum og viðburðum sem ætlað væri að stuðla að auknu mannlífi, menningu, félagsauði og lífsgæðum í hverfunum í sumar. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa yrði íbúaráðunum til stuðnings í undirbúningi og útfærslu auk stofnana borgarinnar í hverju hverfi eftir því sem þurfa þykir. Þá mun mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa tryggja tengsl við viðburðateymi og kynningarteymi Sumarborgarinnar 2020 til að tryggja markvissa kynningu og góða nýtingu fjármuna. Miðað er við að hvert íbúaráð sem eru níu talsins fái milljón hvert en afgangurinn deilist út á íbúaráðin samkvæmt íbúafjölda hverfanna. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði.

Greinargerð fylgir tillögunni. R20040179
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

24. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 28. apríl 2020:

Lagt er til að borgarráð samþykki að farið verði í áttak til þess að efla miðborgina sem sjálfstæðan áfangastað í sumar. Þannig er stuðlað að eflingu atvinnulífs á svæðinu með aukinni verslun og viðskiptum við rekstraraðila á svæðinu en ekki síður auknu mannlífi og menningu fyrir alla. Samhliða verði miðborgin kynnt sem áfangastaður með sérstöku áttaki í markaðssetningu. Gert er ráð fyrir að stór hluti fjármögnunar verði tekin úr römmum umhverfis- og skipulagssviðs og menningar- og ferðamálsviðs og vinnuframlag verði frá starfsfólki sviðanna. Auk þess er lagt til að borgarráð samþykki ofangreinda tillögu að auknum fjármunum í að efla miðborgina vegna ársins 2020, alls 50 m.kr. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði.

Greinargerð fylgir tillögunni. R20040179
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Skipulagsyfyrvöld hafa rakið aðgerðir og tala mikið um að vinna með rekstraraðilum. Flokkur fólksins leggur þá til að skipulagsyfyrvöld eigi alvöru viðræður og samstarf við rekstraraðila miðbæjarins til að ræða björgunaraðgerðir s.s. hvernig markaðsátak hægt er að fara í fyrir miðborgina. Fara þarf í almennar aðgerðir sem nýtast öllum. Almennar aðgerðir þurfa m.a. að fela í sér samvinnu við bílastæðasjóð og Strætó bs. sem gefa þurfa eftir í gjöldum til að laða að fólk. Breyta verður aksturstepnum á Laugavegi þannig að ekið verði í vesturátt niður alla götuna. Opna þarf hliðin til þess að P merktir bílar geti ekið og lagt. Fyrir veirufaraldurinn var orðið fátt um annað fólk í bænum en ferðamenn. Götulokanir á svæðinu höfðu haft þau áhrif að verslun og viðskipti hrundi í miðbænum utan veitingahúsareksturs. COVID-19 áhrifin bættust síðan ofan á og mun sennilega líða talsverður tíma áður en sjá má stóra hópa ferðamanna í miðborginni. Orsök faraldursins er engum að kenna. En flótti verslana af svæðinu er á ábyrgð meirihlutans. Nú verða allir að leggjast á eitt og bjarga því sem bjargað verður. Ef það tekst er hægt að fara að byggja upp verslun og þjónustu á ný.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

25. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 30. apríl 2020, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að ráða Þorstein Gunnarsson í starf borgarritara Reykjavíkurborgar en hann er metinn hæfastur til þess af ráðgefandi hæfnisnefnd sem skipuð var af borgarráði í febrúar 2020.

Greinargerð fylgir tillögunni. R20020016
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun ásamt áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Meirihluti borgarráðs og áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands þakkar hæfnisnefnd við ráðningu borgarritara kærlega fyrir vel unnin störf. Ljóst er að nefndin þurfti að velja á milli mjög hæfra einstaklinga. Þá er Þorsteinn Gunnarsson boðinn hjartanlega velkominn til starfa hjá Reykjavíkurborg.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins treystir hæfnisnefndinni ágætlega enda allt úrvals og hæft fólk til verksins. Engu að síður treystir áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins best eigin innsæi þegar kemur að því að skynja kosti, gæsku og færni umsækjenda og til þess þarf að hitta umsækjendur. Engin gögn og mælingar geta komið í staðinn fyrir persónulegt samtal. Hér er verið að ráða í mikilvægt starf og sérstaklega erfitt vegna þess að sá aðili sem um ræðir þarf að þjóna og vera vinveittur öllum borgarfulltrúum án tillits til minni- meirihluta, flokka eða persóna. Nýr borgarritari þarf að skilja að hlutverk minnihlutans er að veita aðhald, benda á það sem betur má fara í stjórnsýslunni o.s.frv. Umfram allt þarf viðkomandi að hafa þá gæfu að bera að vera laus við meðvirkni með borgarstjóra og meirihlutanum. Það hefði róað borgarfulltrúa Flokks fólksins mikið ef honum hefði verið gefinn kostur á að hitta þá sem valdir voru í úrslitahóp þótt ekki væri nema í fáeinar mínútur. Besta fyrirkomulagið hefði verið að þessum aðilum hefði verið boðið að koma inn á fund borgarráðs. Þetta skiptir ekki síst máli þar sem það liggur fyrir að mjótt er á mununum milli umsækjenda í úrslitahópnum.

Regína Ásvaldsdóttir, Ásta Bjarnadóttir og Gylfi Magnússon taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

26. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 28. apríl 2020, varðandi beiðni KSÍ um þátttöku Reykjavíkurborgar í kostnaði vegna umspilsleiks og endurskoðun samnings um rekstur Laugardalsvallar, ásamt fylgiskjölum. R20020157

Lagt er til að borgarráð hafni þátttöku Reykjavíkurborgar í kostnaði vegna umspilsleiks við Rúmeníu.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Lagt er til að borgarráð samþykki að hefja viðræður við KSÍ um endurskoðun samnings um rekstur Laugardalsvallar og feli það Ómari Einarssyni, Ebbu Schram og Óla Jóni Hertervig.

Samþykkt.

27. Lögð fram umsögn Reykjavíkurborgar, dags. 27. apríl 2020, um frumvörp til laga til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru, 724., 725. og 726. þingmál, ásamt fylgiskjölum. R20030147

28. Lagt fram minnisblað Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 20. apríl 2020, varðandi áhrif COVID-19 á fjárhag og þjónustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. R20040165

29. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 28. apríl 2020, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að endurnýjuðum samstarfssamningi við björgunarsveitirnar í Reykjavík fyrir árin 2020-2022. Árlegt framlag borgarinnar verði 14 m.kr. sem greiðast af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur. Samtals nemur fjárhæðin 42 m.kr. á samningstímanum.

Greinargerð fylgir tillögunni. R20040030

Samþykkt.

30. Lagður fram að nýju samantekinn ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019 (A- og B-hluti), ódags. ásamt skýrslu fjármála- og áhættustýringarsviðs, greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta og greinargerð B-hluta fyrirtækja sbr. 9. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. apríl sl.

Nú er lögð fram yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar Reykjavíkurborgar, dags. 30. apríl, ábyrgða- og skuldbindingayfirlit Reykjavíkurborgar,

dags. 30. apríl, endurskoðunarskýrsla Grant Thornton vegna endurskoðunar ársreiknings Reykjavíkurborgar 2019, dags. 30. apríl og skýrsla endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar um ársreikning Reykjavíkurborgar 2019, dags. 28. apríl 2020. Einnig er lögð fram greinargerð um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg, ódags. R19120193

Ársreikningur borgarsjóða (A-hluta) og samstæðureikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019 hefur verið undirbúinn af fjármála- og áhættustýringarsviði í samræmi við ákvæði 61. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lagt er til að ársreikningi verði vísað til fyrri umræðu í borgarstjórn.
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í 9. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 sem fjallar um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga er fjallað um fasteignir. Þar kemur fram að eignasjóður sveitarfélags getur haft eignarhald á og leigt fasteignir sem nýttar eru af B-hluta að undanskildum félagslegum íbúðum. Einnig kemur fram í reglugerðinni að útreikningar á viðmiðunarleigu byggja á stofnverði sem er skilgreint sem raunkostnaður fjárfestingar. Þetta getur ekki verið skýrara að stofnverð fasteigna, það verð sem notað er við útreikning á afskriftum, viðhaldspörf og umsýslukostnaði, í reikningsskilum sveitarfélaga og þar með í eignarsjóði sveitarfélaga er raunkostnaður fjárfestingar. Raunkostnaður er annað hvort kaupverð eða byggingarkostnaður. Því er rangt að miða eignasafn Félagsbústaða við markaðsverð fasteigna sem tekur mið af framboði og eftirspurn á markaði. Það á ekki að breyta neinu þó ákveðinn fjöldi fasteigna sem er keyptur eða byggður með félagsleg markmið fyrir augum sé settur í hlutafélag sem er rekið óhagnaðardrifið því það er einn hluti af þjónustukerfi sveitarfélagsins. Þetta fyrirkomulag er einungis til að allt rekstrarlegt utanumhald félagslegs húsnæðis sé glegggra en á ekki að opna leiðir til að beita bókhaldslegum trixum hvað varðar verðmat eigna og þar af leiðandi afkomu sveitarfélagsins. Þessar staðreyndir eru sláandi þegar munurinn á uppgjöri samstæðu Reykjavíkurborgar, hvort um er að ræða kostnaðarverðsregluna eða gangvirðisregluna, eru 57 milljarðar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur að við ytri endurskoðun komu fram vankantar bæði er varðar innra eftirlit og ferli við gerð reikningskila og fjárhagsupplýsinga. Í raun er þetta sömu ábendingar og í fyrra og hitteðfyrra. Þá er spurt, eru þessar ábendingar ekki að skila sér? En að reikningskilaaðferð Félagsbústaða. Í því máli er uppnám sökum brotthvarfs eins endurskoðanda sem telur að rétt reikningskilaaðferð sé ekki valin. Rökin með þeirri aðferð er að gangvirðisleiðin gefi gleggri mynd af fjárfestingareignum og það skipti máli hvernig myndin lítur út þegar félagið leitar leiða með fjármögnun, að framsetningin líti betur út gagnvart þeim aðilum sem félagið leitar til með fjármögnun. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hvort rétt sé að velja aðferð í þeim tilgangi að fjárfestingar líti betur út. Hér er um óhagnaðardrifið félag að ræða. Í gagnapakka fyrir borgarráð er minnisblaði frá borgarbókara vísað til varkárnisreglunnar: „standi semjandi reikningskila frammi fyrir tveimur eða fleiri kostum vegna óvissu, þykir rétt að velja þann kost sem er líklegastur til að ofmeta ekki eignir og hreinar tekjur.“ Með gangvirðisreglunni má ætla að eignir séu ofmetnar, sérstaklega þær sem eru skemmdar af myglu og raka sem ekki alltaf blasa við kaupendum. Kvartanir vegna raka og myglu íbúða Félagsbústaða eru margar.

Halldóra Káradóttir, Gísli H. Guðmundsson, Theodór S. Sigurbergsson og Lárus Finnbogason taka sæti á fundinum undir þessum lið. Sturla Jónsson, Guðlaug S. Sigurðardóttir, Sigurrós Ásta Sigurðardóttir, Fjóla Þorgerður Hreinsdóttir og Hallur Símonarson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

31. Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar, dags. 28. apríl 2020, varðandi reikningsskil Félagsbústaða hf., ásamt fylgiskjöllum. R19120193

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er ágreiningsmál hvort það eigi að taka inn ársreikning Félagsbústaða inn í samstæðuuppgjör Reykjavíkurborgar með matsbreytingum upp á tugi milljarða. Í minnisblaði fjármála- og áhættustýringarsviðs kemur fram að matsbreytingarnar hafa blásið upp verðmat félagslegra íbúða Reykjavíkurborgar um 57 milljarða króna. Þessi fjárhæð hefur áhrif á bæði efnahags- og samstæðureikning borgarinnar enda er um gríðarlega fjármuni að ræða. Einn nefndarmaður í endurskoðunarnefndar hefur sagt sig frá nefndinni vegna þessa máls og vekur það athygli.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er lögð fram skýrsla formanns endurskoðunarnefndar um reikningsskil Félagsbústaða. Fylgja á ákveðnum staðli og um það er ekki deilt. Frekar er deilt um valið á reikningsskilaaðferðinni en hægt er að velja tvær leiðir. Þar sem Félagsbústaðir er óhagnaðardrifið félag skyldi ætla að færa ætti fjárfestingareignir á kostnaðarverði fremur en gangvirði. Seinni leiðin er valin því hún er sögð gefa gleggri mynd af fjárhagsstöðu félagsins. Vitað er að Félagsbústaðir hafa átt við ímyndarvanda að stríða m.a. vegna skorts á viðhaldi eigna. Gangvirði segir ekki til um hvort íbúð sé skemmd vegna leka og raka, sýnir ekki dulda galla ef eru. Ætla má að margar íbúðir félagsins sé á mörkunum að teljast heilsusamlegar ef marka má kvartanir leigjenda. Nú í COVID aðstæðunum var dregið úr viðhaldi svo ástandið er sennilega enn verra. Því er varla hægt að búast við að uppgjör eigna á gangvirði gefi eins glögga mynd af fjárhagsstöðunni og látið er í veðri vaka. Birtingarmyndir þessara tveggja reikningsskilaaðferða eru afar ólíkar og munar milljörðum. Félagsbústaðir líta mun betur út með gangvirðisáferðinni. Hvað sem þessu líður þá setti brotthvarf eins endurskoðanda úr nefndinni strik í reikninginn. Ástæða brotthvarfsins var varla léttvæg. Vangaveltur eru um hvort rétt sé að skrifa undir ársreikninginn þegar virtur endurskoðandi fullyrðir að aðferð reikningsskila sem notuð er standist ekki skoðun.

Halldóra Káradóttir, Gísli H. Guðmundsson, Theodór S. Sigurbergsson og Lárus Finnbogason taka sæti á fundinum undir þessum lið. Sturla Jónsson, Guðlaug S. Sigurðardóttir, Sigurrós Ásta Sigurðardóttir, Fjóla Þorgerður Hreinsdóttir og Hallur Símonarson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjárfundarbúnaði.

32. Lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að ársreikningur samstæðu Reykjavíkurborgar sé stillt upp þannig að Félagsbústaðir séu á kostnaðargrunni, sbr. 22. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. apríl 2020. Einnig lögð fram umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 28. apríl 2020. R19120193
Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Sjálfstæðisflokksins gengur út á annarskonar framsetningu á uppgjöri Félagsbústaða og er skoðun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Skoðun fulltrúans hefur hlotið ítarlega og faglega umfjöllun í nefndinni sem hefur farið yfir málið með ytri endurskoðendum á nokkrum fundum. Fundað hefur verið með fjármála- og áhættustýringarsviði sem ákvað í janúar að óska álits óháðra sérfræðinga í reikningsskilum. Niðurstaðan var enn og aftur sú að

núverandi reikningsskilaaðferð væri heimil og í samræmi við reikningsskilastaðla. Fram kom að Félagsbústaðir hafi beitt gangvirðisaðferðinni frá árinu 2004. Þá kemur fram að atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, úrskurðaði þann 11. júlí 2013 eftirfarandi varðandi reikningsskil Félagsbústaða hf.: „Ráðuneytið staðfestir ákvörðun ársreikningaskrár frá 29. maí 2012 um að félaginu [...] sé skylt til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IFRS, við gerð ársreiknings síns fyrir árið 2011“. Þessi úrskurður er afdráttarlaus um að Félagsbústöðum er skylt að beita IFRS og hafa ekki val um annað. Vandséð er hvernig hefði átt bregðast við með öðrum hætti en að hlíta afdráttarlausum úrskurði ráðuneytisins. Þá er þess að geta að þrjú hérað endurskoðunarfyrtæki, sem eru hluti alþjóðlegra endurskoðunarfyrtækja, hafa endurskoðað ársreikninga Félagsbústaða frá árinu 2004 og hafa ekki gert fyrirvara varðandi beitingu gangvirðis í reikningsskilum félagsins. Með vísan til ofangreinds er tillöggunni vísað frá.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Félagsbústaðir eru félagslegt úrræði ekki fjárfestingafélag. Búið er að breyta heimasíðu Félagsbústaða eftir að hörð deila um uppgjörsaðferðir félagsins varð opinber sem endaði á að einn nefndarmanna í endurskoðunarnefnd Reykjavíkur sagði sig úr nefndinni. Það er blekkingarleikur og jafnvel ólöglegt að breyta heimasíðu opinbers félags. Var ekki nóg að eyða tölvupóstum í braggamálinu? Hvað segir borgarskjalasafn um þetta? Fyrir breytinguna var tekið fram á heimasíðu Félagsbústaða að félagið væri ekki rekið í hagnaðarskyni. Nú stendur: „Félagsbústaðir eru stærsta þjónustufyrirtæki á leigumarkaði héraðs með yfir 2.800 íbúðir til útleigu í Reykjavík. Félagsbústaðir er fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar sem hefur það hlutverk að tryggja framboð af félagslegu leiguhúsnæði í borginni. Leiguhúsnæði Félagsbústaða er ætlað fjölskyldum og einstaklingum sem ekki hafa tök á að sjá sér fyrir húsnæði vegna lágra launa, þungrar framfærslu eða annarra félagslegra aðstæðna“. Þetta er hrein og klár blekking. Mikið liggur undir því hér kemur fram að mismunurinn á uppgjörsreglum er 57 milljarðar frá árinu 2012 – 2019. Að auki stangast þetta á við samþykktir félagsins. Þar segir beinlínis: „Markmið félagsins er að starfa í þágu almenningsheilla“, en ekki að vera fjárfestingafélag. Ekki þarf heldur lengi að skoða fréttatilkynningar til að sjá að félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í svari kemur fram að áætlað bókfært virði fjárfestingaeigna Félagsbústaða þann 31 desember 2019 miðað við kostnaðarverðsaðferð er 35,1 milljarður en samkvæmt núverandi reikningsskilaaðferð félagsins er matið 92,1 milljarður. Hér munar 60 milljörðum tæpum. Það er kannski ekki skrýtið að deilt er um þessar tvær uppgjörsleiðir í ljósi þess hversu miklu munar á pappírnum. Nægur var ágreiningurinn til þess að einn nefndarmanna vék úr nefndinni en hann gat ekki búið við hvernig framsetning ársreiknings Félagsbústaða var settur inn í samstæðureikning Reykjavíkurborgar með uppreiknuðum hagnaði af endurmati eigna. Brotthvarf endurskoðandans úr nefndinni hefur vakið upp spurningar og tortryggni.

Halldóra Káradóttir, Gísli H. Guðmundsson, Sturla Jónsson, Theodór S. Sigurbergsson og Lárus Finnbogason taka sæti á fundinum undir þessum lið. Guðlaug S. Sigurðardóttir, Sigurrós Ásta Sigurðardóttir, Fjóla Þorgerður Hreinsdóttir og Hallur Símonarson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjárfundarbúnaði.

33. Lögð fram trúnaðarmerkt áhættuskýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 27. apríl 2020, vegna fjórða ársfjórðungs ársins 2019. R19060015

Halldóra Káradóttir og Gísli H. Guðmundsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

34. Lögð fram ársskýrsla Reykjavíkurborgar, dags. apríl 2020, vegna útgáfu grænna skuldabréfa, ásamt fylgiskjölum. R20040044

Halldóra Káradóttir og Gísli H. Guðmundsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

35. Lögð fram ársskýrsla fjármála og áhættustýringarsviðs, dags. 27. apríl 2020, varðandi framkvæmd styrkjareglna 2019. R20030067

Halldóra Káradóttir og Gísli H. Guðmundsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

36. Lagðar fram tillögur borgarstjóra, dags. 27. apríl 2020, að viðaukum við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar árið 2020. R20010161
Greinargerðir fylgja tillögunum.
Vísað til borgarstjórnar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins styður 5. lið þar sem lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 64.509 þ.kr. vegna skólagöngu fjögurra reykvískra nemenda í Arnarskóla sem er skóli fyrir börn með þroskafrávik. Þetta er vissulega skammtímalausn fyrir fáa nemendur. Fleiri nemendur bíða eftir sambærilegu úrræði. Það sem skipti máli er að öll börn séu í skólaúrræðum þar sem þeim líður vel og finna sig meðal jafningja. Segir í gögnum að ekki verði opnað á umsóknir vegna fleiri nemenda fyrir en ytra mat skólans liggur fyrir. Margir myndu túlka þetta sem fyrirslátt. Arnarskóli býður upp á heildstæða skólaþjónustu sem hentar betur en fyrirkomulag sem kallar á meiri þvæling milli staða. Biðlisti er í Klettaskóla og Brúarskóla. Báðir eru fullir og sá fyrri yfirsetinn. Bregðast þarf við með varanlegum lausnum og ætti borgin að reka sjálf skóla eins og Arnarskóla. Flokkur fólksins hefur lagt til að rýmka inntökureglur og stækka Brúarskóla. Í svörum og umsögnum við tillögu um stækkun Brúarskóla var beinlínis sagt að ekki væri þörf fyrir úrræði eins og Brúarskóla vegna m.a. stofnun farþeyma. Samt eru 19 börn á biðlista þar. Á meðan borgin leysir ekki vandann heildstætt skiptir máli að loka ekki fyrir umsóknir í Arnarskóla.

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

37. Lagður fram dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 17. apríl 2020, í máli E-2374/2018. R19090042

38. Lagður fram dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 22. apríl 2020, í máli E-462/2019. R19020045

39. Lagt fram trúnaðarmerkt minnisblað borgarlögmans, dags. 27. apríl 2020, um þau málaferli sem Reykjavíkurborg á aðild að fyrir dómstólum. R19100258

40. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 25. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að falla frá forkaupsrétti vegna sölu á atvinnuhúsnæði að Aðalstræti 9, ásamt fylgiskjölum. R20040166
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig og Helga Björg Ragnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

41. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 27. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki samkomulag við Íslenska gámafélagið um lok leigu í Gufunesi og flutning fyrirtækisins á Esjumela, ásamt fylgiskjölum. R20040167
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig og Helga Björg Ragnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

42. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 27. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita viljrði fyrir byggingarrétti á lóðunum Bronsslétta 7 og Járnslétta 8, ásamt fylgiskjölum. R20040172
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig og Helga Björg Ragnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

43. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 25. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki drög að samningi um afnot af landsspildu norðan við Fossaleyni 17, ásamt fylgiskjölum. R20030246
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig og Helga Björg Ragnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

44. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. apríl 2020, þar sem tímabundinn húsaleigusamningur eignaskrifstofu í Skipholti 27 er sendur borgarráði til kynningar. R20040120

Óli Jón Hertervig og Helga Björg Ragnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

45. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 27. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki viðauka við kaupsamning um kaup á lóðarréttindum og byggingarrétti á landi Gufunes. R17120121
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Skipulag kvikmyndaporpsins í Gufunesi er niðurstaða umfangsmikils samstarfs íbúa Grafarvogs, Rvk Studios, borgarinnar, Faxaflóahafna og annarra aðila. Í kjölfar samráðsins var haldin arkitektasamkeppni þar sem fagleg og þverpólítísk dómnefnd skilaði niðurstöðu um þetta spennandi skipulag. Kvikmyndaporpið í Gufunesi er nú þegar orðið eitt stærsta atvinnusvæðið í austurhluta borgarinnar, sannkallað þorp skapandi greina eða fríríki frumkvöðlanna eins og segir í tillögu hollensku arkitektastofunnar Jvantspikjer + Felixx sem sigraði skipulagssamkeppnina um kvikmyndaporpið í Gufunesi. Gufunes hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga eftir að Rvk Studios hófu þar starfsemi en í kjölfarið tóku minni kvikmyndatengd fyrirtæki að koma sér þar fyrir. Hægt og bítandi er Gufunesið því að breytast úr svæði undir grófan iðnað líkt og starfsemi Íslenska gámafélagsins yfir í mest spennandi umbreytingarsvæðið í borginni. Fyrir liggur framsækið deiliskipulag og framundan er upphaf framkvæmda á fyrstu íbúðunum í Gufunesi undir heitinu Þorpið. Þá er vilji til þess að vera með bátastrætó frá Gufunesi að Hörpu og standsetja nýja ylströnd í Reykjavík. Meirihluti borgarráðs fagnar þessu samkomulagi.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Uppbygging í Gufunesi er sannarlega spennandi. Sjálfstæðisflokkur ítrekar þó mikilvægi þess að jafnræðis sé gætt milli aðila á byggingamarkaði. Áfangaskiptar greiðslur fyrir byggingarétt eru jákvæðar, en byggingaraðilar verða að eiga jafnan aðgang að slíkum úrræðum. Auka þarf sveigjanleika og einfalda ferla innan

borgarkerfisins svo tryggja megí vænlegri skilyrði til uppbyggingar og verðmætasköpunar í borginni. Hér er verk að vinna.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er í annað sinn lagður til greiðslufrestur af eftirstöðvum kaupverðs vegna byggingaréttar í Gufunesi. Upphaflegur umsaminn gjalddagi síðustu kaupsamningsgreiðslu átti að vera 15. desember 2020 en hefur nú verið framlengdur til 15. desember 2023. Þessi lóðarréttindi fóru ekki í gegnum hefðbundið útboðsferli. Ólíklegt má telja að aðilar á byggingamarkaði njóti almennt samskonar fríðinda og sveigjanleika innan borgarkerfisins. Í janúar 2020 voru samþykkt aðilaskipti að þessum byggingarétti í Gufunesi. Þannig færðist rétturinn frá GN Studios til Gufuness Fasteignaþróunar. Við aðilaskiptin kom fram að borgin myndi ekki njóta neins hluta af þeim mögulega ávinningi sem lóðarhafinn GN Studios ehf. kann að hafa fengið við framsalið. Úthlutun verðmæta borgarinnar, og ekki síst byggingarréttar á borgarlandi, verður að vera með þeim hætti að jafnræði milli aðila á markaði sé hafið yfir allan vafa.

Óli Jón Hertervig og Helga Björg Ragnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

46. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 27. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili að gerð verði markaðskönnun vegna uppbyggingar á bílastæðahúsum á þróunarsvæðum í Reykjavík, ásamt fylgiskjölum. R19090174
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Á fundi borgarstjórnar 5. febrúar 2019 var samþykkt af meirihlutanum í borgarstjórn sameiginleg tillaga meirihlutans og sjálfstæðismanna um að fela umhverfis- og skipulagssviði, í samráði við Bílastæðasjóð, að skoða bestu leiðir varðandi rekstur bílastæðahúsa. Þar með talið rekstrarútboð, með það fyrir augum að bæta nýtingu, efla þjónustu og auka hagkvæmni. Í tillögunni sagði að rýna skuli fyrirkomulag rekstrarins út frá markmiðum borgarinnar varðandi stýringu bílastæða, bættu nýtingu borgarrýmis, bílastæðastefnu og stefnu aðalskipulags. Þá er gert ráð fyrir að sviðið skili tillögum til skipulags- og samgönguráðs fyrir 1. ágúst 2019. Það er miður hefur engin tillaga enn litið dagsins ljós í þessum efnum þrátt fyrir að meirihluti borgarstjórnar hafi samþykkt tillögu Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði telja mikilvægt að þessari tillögu verði skilað sem fyrst.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflökks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að innviðir Reykjavíkurborgar séu í eigu og rekstri borgarinnar en ekki á höndum einkaaðila.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þetta er hrein ögrun við kjörna fulltrúa. Þessi tillaga var tekin út þegar samkomulag um að leggja fram aðgerðarpakka 1 vegna COVID-19. Svikin loforð út um allt. Eðlilegra hefði verið að fara í markaðskönnun almennt á bílastæðahúsum en ekki einskorða slíka könnun við þróunarsvæði eins og tillagan gerir ráð fyrir. Hér er verið að verja fjármunum Reykjavíkurborgar til að kanna áhuga aðila til rekstrar slíkra húsa á fyrirhuguðum uppbyggingarreitum þar sem enn liggur ekki einu sinni fyrir deiliskipulag eins og í Skerjafirði. Fjármunum borgarinnar hefði verið betur varið í að kanna vilja og áhuga á rekstri þeirra bílastæðahúsa sem Reykjavíkurborg rekur nú þegar. Eflaust hefðu margir áhuga á slíkum rekstri og getað þróað hann til betri vegar með aukinni þjónustu við notendur eins og víða þekkest erlendis.

Óli Jón Hertervig og Helga Björg Ragnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

47. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 27. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita vilyrði fyrir byggingarrétti vegna íbúða á lóð G1 á svokölluðum Sjómannaskólareit. R20040169
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Óli Jón Hertervig og Helga Björg Ragnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

48. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 20. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki úthlutun lóðar og sölu byggingarréttar vegna lóðar að Urðarbrunni 13. R20040029
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig og Helga Björg Ragnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

49. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 15. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita vilyrði fyrir byggingarrétti vegna íbúða á þróunarsvæði sem afmarkast af Breknaási, Selásbraut, Vindási og Þverási, ásamt fylgiskjölum. R20040089
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig og Helga Björg Ragnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

50. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 27. apríl 2020, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki lóðarvilyrði og viljayfirlýsingu um samstarf og uppbyggingu lóðarinnar Stefnisvogur 1, lóð 1.6, í Vogabyggð, ásamt fylgiskjölum. R20040157
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Óli Jón Hertervig og Helga Björg Ragnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

51. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Borgarráð samþykkir að leitað verði til reikningsskilaráðs varðandi notkun á IAS 40 staðla hjá Félagsbústöðum varðandi uppgjör félagsins, til að fá úr því skorið hvort Félagsbústöðum sé heimilt að nota þá reikningsskilastaðla.

Greinargerð fylgir tillögunni. R20040235
Frestað.

52. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Nú eru 24 fyrirspurnir frá mér sem bíða svars og sú elsta frá 10. janúar 2019. Kjörnum fulltrúum ber að sinna eftirlitsskyldu sinni samkvæmt lögum. Þetta eru afleit vinnubrögð. Margra þessara fyrirspurna snúa að vafasamri stjórnýslu hjá borginni. Hvers vegna er fyrirspurnum ekki svarað? Hvað er verið að fela? Óskað er eftir að ósvöruðum fyrirspurnum verði svarað tafarlaust. Hver vegna er ekki búið að svara framhaldsfyrirspurn minni um kærú vegna útboðs Reykjavíkurborgar á stýribúnaði umferðarljósa og framkvæmd ljósastýringar frá 1979. Í því máli hefur

úrskurðarnefnd útboðsmála úrskurðað um sekt Reykjavíkurborgar og er útboðið í heild sinni í uppnámi, en fyrirspurnin hljóðar svo: 1. Óskað er eftir að borgarráð fái öll gögn sem Reykjavíkurborg hefur látið kærunefnd útboðsmála í té vegna kæru um stýribúnað umferðarljósa og skal ekkert undanskilið. 2. Er Reykjavíkurborg búin að svara kæru sem er til meðferðar hjá kærunefnd útboðsmála um rammasamning um stýribúnað umferðarljósa? 3. Er það virkilega svo að sama fyrirtæki hafi verið í viðskiptum við Reykjavíkurborg á þessu tiltekna sviði allt frá árinu 1979 eins og fram kemur í fundargögnum innkauparáðs? 4. Hvaða fyrirtæki hafa þjónustað Reykjavíkurborg í ljósastýringum frá árinu 1979?5, Hvað hefur Reykjavík farið í mörg útboð á ljósastýringarbúnaði frá árinu 2000? R20040236

53. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins leggur til að Strætó bs. framlengi gildistíma allra strætókorta um sama tíma og fækkun varð á ferðum vegna COVID-19. COVID-19 er ekki farþegum Strætó að kenna né öðrum ef því er að skipta. Það er mat borgarfulltrúa Flokks fólksins að Strætó bs. verði að koma á móts við farþega sína sem hafa ekki getað nýtt sér strætó ýmist vegna COVID-19 og eða vegna stopulla ferða. Því er það lagt til að framlengja gildistíma strætókorta sem nemur þeim tíma sem fækkun ferða nær yfir og einnig mætti skoða að lækka einstaklingsmiða um helming til að laða þá í strætó sem hentar að nota almenningssamgöngur endrum og sinnum. Strætó mun ekki þrífast ef enginn stígur inn í þá. Nú er lag að sýna jákvætt viðmót og gera allt til að bjóða fólk velkomið í vagnanna. R20040242

Frestað.

54. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fyrirspurn um niðurstöður á rekstrarkostnaði nýrra metanvagna. Í fundargerð Strætó 22. mars kemur fram að á dagskrá var „metanmál“ undir önnur mál þar sem kynntar voru niðurstöður á rekstrarkostnaði nýrra metanvagna sem teknir voru í notkun hjá Strætó bs seint á árinu 2019. Flokkur fólksins vill gjarnan sjá þessar niðurstöður og túlkun stórnar Strætó bs. á þeim. R20010017

55. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fyrirspurn um aðstoð Félagsbústaða við einstakling í vanda. Hvernig ætla Félagsbústaðir að styðja við og hjálpa einstaklingi sem er í t.d. þeim aðstæðum sem hér er lýst: (Tekið er fram að dæmið er tilbúið). Einstaklingurinn er öryrki og fær 250.000 krónur á mánuði fyrir skatta. Hann greiðir um 100 þúsund á mánuði í leigu hjá Félagsbústöðum. Hann er langveikur og hefur oft þurft að fara á bráðadeild. Hann hefur nokkrum sinnum þurft að greiða sjúkrabílaflutning fyrir sjálfan sig. Kostnaður við lyf er mikill. Andlega líður honum illa en hefur ekki ráð á áfallahjálp og sálfræðiástoð enda slík þjónusta ekki niðurgreidd. Hann hefur verið í einangrun vegna COVID smithættu sem kallað hefur á meiri þjónustu og frekari útgjöld. Nú hafa Félagsbústaðir ákveðið að fella ekki niður leigu í einn einstasta mánuð vegna COVID-19. Boðið er upp á greiðsludreifingu. Fyrir einstakling eins og þann sem hér er lýst dugar dreifing leigu skammt þar sem skuldir hafa nú safnast upp. Það mun koma að skuldadögum. R20040237

56. Fram fer vinnudagur borgarráðs þar sem fram fara umræður um næstu aðgerðir Reykjavíkurborgar vegna COVID-19.

Lóa Birna Birgisdóttir, Arna Schram, Ómar Einarsson, Regína Ásvaldsdóttir, Helgi Grímsson, Óskar J. Sandholt, Helga Björg Ragnarsdóttir og Svavar Jósefsson taka sæti á fundinum undir þessum lið í gegnum fjarfundabúnað. Jafnframt taka sæti borgarfulltrúarnir Pawel Bartoszek, Marta Guðjónsdóttir, Örn Þórðarson, Sabine Leskopf og Skúli Helgason í gegnum fjarfundabúnað. R20030002

57. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 28. apríl 2020:

Í fyrstu aðgerðum Reykjavíkurborgar, vegna COVID-19 faraldursins, sem samþykktar voru í borgarráði 26. mars sl. er kveðið á um að unnar verði tillögur um aðgerðir og viðspyrnu í menningar- og listalífi. Því er lagt til að fyrstu aðgerðir í málaflokknum verði viðbragð við þessu og að settir verði auknir fjármunir í menningarpott borgarinnar vegna ársins 2020. Umsóknarfrestur verði í byrjun maí og stefnt að úthlutun í sama mánuði. Úthlutunarreglur verði einfaldar og veittir styrkir til verkefna sem örva sköpunargleði, listræn verkefni, samræður og menningarlegt framboð í borginni til lengri og skemmri tíma. Sjóðurinn verði ætlaður sjálfstætt starfandi listamönnum. Faghópi með fulltrúum frá Bandalagi íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar Íslands verði falið að meta umsóknir og gera tillögur til menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs um úthlutun. Umsóknarferlið verði jafnframt einfaldað til muna frá því sem nú er og menningar- og ferðamálasviði falið að útfæra það. Lagt er til að borgarráð samþykki ofangreinda tillögu að auknum fjármunum í menningarpott borgarinnar vegna ársins 2020. Heildarkostnaður við tillöguna eru 30 m.kr. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði.

Greinargerð fylgir tillögunni. R20030002
Samþykkt.

58. Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 27. apríl 2020, um sumarstörf og markvissar vinnumarkaðsaðgerðir vegna COVID-19, ásamt fylgiskjölum. R20030002
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að sjá að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur ráðist í séu að hjálpa mikið til hjá Reykjavíkurborg. Hægt er að bjóða fjölda ungmenna sumarstörf. Þær 547 milljónir sem ríkið mun leggja í sumarstörf hjá Reykjavíkurborg eru kærkomin viðbót við þá upphæð sem Reykjavíkurborg leggur sjálf til og því verður hægt að ráða mun fleiri í sumarstörf hjá borginni. Sjálfstæðismenn í borgarráði vonast til þess að ný störf verði auglýst sem fyrst og að ekki verði mikið atvinnuleysi á meðal reykvískra ungmenna sumarið 2020. Eins þá vonast Sjálfstæðismenn til þess að tekið verði vel í tillögu Sjálfstæðismanna um það að lengja starfstímabil vinnuskóla Reykjavíkur.

Fundi slitið kl. 16:15

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir
Líf Magneudóttir
Hildur Björnsdóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Eyþór Laxdal Arnalds
Valgerður Sigurðardóttir



Borgarráð

Bronsslétta 7 og Járnsletta 8 - Lóðarvilyrði

Óskað er eftir að borgarráð veiti Íslenska gámafélaginu ehf., kt. 470596-2289, Koparsléttu 22, 162 Reykjavík, vilyrði fyrir úthlutun á lóðunum Bronsslétta 7 og Járnsletta 8 og meðfylgjandi byggingarrétt. Lóðarvilyrðið er háð því skilyrði að Íslenska gámafélagið sýni fram á að sú Kalkslétta 1, sem félagið hefur þegar fengið úthlutað, dugi ekki fyrir starfsemi félagsins. Lóðarvilyrði þetta gildir til loka árs 2024. Fyrir byggingarrétt lóðanna greiðist markaðsvirði að mata tveggja óvilhallra fasteignasala auk gatnagerðargjalda samkvæmt gjaldskrá ef kemur til úthlutunar.

Greinargerð:

Þann 19. september 2019 fékk Íslenska gámafélagið lóðinni Kalkslétta 1 úthlutað. Félagið hefur áhyggjur af því að sú lóð sé ekki nægjanlega stór fyrir starfsemi félagsins og hefur því óskað eftir lóðarvilyrði fyrir Bronssléttu 7 og Járnsléttu 8, en þær lóðir liggja við núverandi lóð félagsins.

Helga Björg Ragnarsdóttir

BORGARRÁÐ

Ár 2021, fimmtudaginn 1. júlí, var haldinn 5630. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:05. Viðstödd voru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Alexandra Briem, Elín Oddný Sigurðardóttir og Eyþór Laxdal Arnalds. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar, auk borgarstjóra, tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 354/2021 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Sabine Leskopf, Valgerður Sigurðardóttir, Marta Guðjónsdóttir og áheyrnarfulltrúinn Daníel Örn Arnarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Theodór Kjartansson og Ívar Vincent Smárason. Pétur Krogh Ólafsson tók sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 28. júní 2021, varðandi heimildir til notkunar fjarfundarbúnaðar á fundum nefnda og ráða Reykjavíkurborgar. R18060129
2. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 1. júlí 2021:

Lagt er til að borgarráð samþykki tilboð að nafnvirði 2.000 m.kr., á ávöxtunarkröfunni 3,45% í stuttan óverðtryggðan skuldabréfaflokk borgarsjóðs RVKN 24 1, en það eru 1.986 m.kr. að markaðsvirði. Ofangreind tillaga var tekin fyrir og samþykkt á fundi fjárstýringarhóps þann 30. júní 2021. Trúnaðarmerking skjala byggir á 1. mgr. 120. gr., sbr. 4. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 og er trúnaði aflétt með opinberri birtingu upplýsinga um niðurstöðu útboðs í Kauphöll Íslands eftir að þær hafi verið gerðar borgarráði kunnar. Greinargerð fjárstýringarhóps er vinnuskjal sem er ekki birt opinberlega á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 140/2012. Trúnaðarmerkt greinargerð fylgir tillögunni.

Trúnaðarmerkt greinargerð fylgir tillögunni. R20120178

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er borgin að auka skuldir sínar með tiltölulegum stuttum skuldabréfum. Hætt er við að þessar skuldir þurfi að endurfjármagna á næsta kjörtímabili og vextir og vaxtakostnaður verði þá enn hærri.

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 30. júní 2021 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Laugaveg 168-174a, Heklureit, ásamt fylgiskjöllum. Einnig er lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. júní 2021, með yfirliti yfir lagfæringar á uppdráttum. R21060284
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að samþykkja að auglýsa umfangsmikla uppbyggingu þar sem nú eru bílastæði og byggingar sem tilheyra bílasölu Heklu. Alls munu rísa þar um 436 íbúðir með verslun og þjónustu á jarðhæð. Uppbyggingin við Heklu er lykilsvæði meðfram þróunarás borgarlínu og því fagnaðarefni að verið sé að auglýsa skipulagið á Heklureit.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að hreyfing sé loks komin á uppbygginu við Hekloreit. Í deiliskipulagstillögunni er borgarlína sýnd í miðju vegarins sem er mjög umdeild lega sem myndi takmarka möguleika umferðar, ljóst er að hún verður mun meiri með 463 nýjum íbúðum á svæðinu.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista leggur áherslu á að ekki þurfi aukna hótelluppbyggingu heldur ætti að leggja alla áherslu á uppbyggingu íbúða og fyrst og fremst félagslega uppbyggingu.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 23. júní 2021 á deiliskipulagi fyrir lóðirnar við Laugaveg 168-176, ásamt fylgiskjölum. R21060276
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Við hlið Hekloreits er einnig verið að samþykkja uppbyggingu nýrra íbúða meðfram þróunarás Borgarlínu. Niðurrif á baklóðum er heimilað og viðbyggingar við núverandi húsnæði sömuleiðis. Í tillögunni er hugað sérstaklega að skjólmyndun og sólarljósi.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista leggur áherslu á að ekki þurfi aukna hótelluppbyggingu heldur ætti að leggja alla áherslu á uppbyggingu íbúða og fyrst og fremst félagslega uppbyggingu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lóðirnar við Laugaveg 168-176, þar sem gert er ráð fyrir að lóðin Laugavegur 176 verði nýtt undir gististarfsemi og verslun, en aðrar lóðir á skipulagssvæðinu eru skilgreindar sem lóðir án heimilda. Íbúaráð og fleiri eru á móti 8-hæða byggingu og var fallið frá því og fara á niður í 7. Hvað sem því líður, verður útsýnisskerðing og mjög skiljanlegt að íbúar séu svektir yfir því. Það skiptir vissulega máli hvernig húsin „mjókka upp“ þegar hugað er að skuggamyndum og áhrifum á vind. Inndregnar efri hæðir minnka t.d. slík áhrif. Útsýni er takmörkuð auðlind og afstöðu þarf að taka til þess hverjir eiga að njóta þess. Kvartanir vegna útsýnisskerðingar eru margar, en eflaust fá einhverjir aðrir betra útsýni. Nokkur vandræðagangur virðist vera í samgöngumálunum og örðugt að búa til stæði fyrir rútur. Fram kemur í niðurstöðum samgöngumats að 63 bílastæði ættu að vera á lóðinni, þar af 4 fyrir hreyfihamlaða. Hjólasteræði skulu vera á bilinu 62-93. Fleiri hjólasteræði eru en bílastæði sem er athyglisvert.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

5. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 30. júní 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á

deiliskipulagi fyrir Suðurlandsbraut 34/Ármúla 31, reitur 1.265, Orkureitur, ásamt fylgiskjölum. R21060285
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Laugavegur og Suðurlandsbraut er einn af lykilþróunarásum borgarlínu og er hér verið að samþykkja að auglýsa deiliskipulag á Orkureit. Gamla Orkuhúsið fær að njóta sín innan um þetta byggð fyrir nýjar íbúðir með borgarlínustöð í grenndinni.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að sjá mögulega uppbyggingu við Orkureit sem hefur mikla möguleika. Rétt er að benda á að atvinnuhúsnæði verður um 5.000 m² minna en nú er og kallar því að atvinnuhúsnæði annars staðar á höfuðborgarsvæðinu á móti. Í kynningum borgarinnar er gjarnan rætt um nýtt atvinnuhúsnæði en oft gleymist að gera ráð fyrir því atvinnuhúsnæði sem vîkur á þéttingarreitum. Hætt er við að atvinnuhúsnæði dreifist annað vegna þessa. Þá vekur athygli að ráð er gert fyrir því að borgarlína verði í miðju Suðurlandsbrautar, en sú útfærsla er mjög umdeild. Með þessari útfærslu væru vinstri beygjur ómögulegar og því lengra fyrir akandi að fara. Mikilvægt er að afkastageta Suðurlandsbrautar verði ekki skert, en hér er gert ráð fyrir að 436 íbúðir sem kalla á aukna umferð.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins óttast að mikil þrengsli verði á þessum reit. Þar sem fjöldi verslana og fyrirtækja hefur flutt í Ármúlan undanfarin ár, er umferð nú orðin töluvert mikil um svæðið. Umferð hefur aukist vegna t.d. lokana í miðbænum og þrenginga á Grensásveg. Þarna kemur mikið byggingamagn, byggja á allt að 450 íbúðir og atvinnuhúsnæði rísi t.d. á lóðinni Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af því að þarna verði mikil þrengsli, svo mikil að allt eins lítur út að útiloka eigi akandi umferð um svæðið. Ekki liggur nógu skýrt fyrir hvaða áhrif breytingar á lóðinni Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31 muni hafa á umferð og rými vegfarenda. Fulltrúa Flokks fólksins hafa einnig borist upplýsingar um að Reykjavíkurborg áformi breytingar á Ármúlanum ofar í götunni, á milli Vegmúla og Selmúla. Ekki fékkst svar að þessu sinni hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á þeim hluta Ármúla af hálfu skipulagsyfirvalda.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 21. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir vegna breytinga og endurbóta á Barónsstíg við Sundhöll Reykjavíkur, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 30 m.kr. R21060195
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða endurbætur við Sundhöll Reykjavíkur. Gerð sér stæðis fyrir skólarútur við laugina, gerð hjólastæða, stæði fyrir hreyfihamlaða og bílastæða með rafhleðslustöðvum. Þá verða snjóbrædd svæði stækkuð til að bæta aðgengi og umferðaröryggi. Gert er ráð fyrir framkvæmdum verði lokið í október nk.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

7. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við lagfæringar á aðgengi strætóbiðstöðva árið 2021, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 40 m.kr. R21060281
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að fara í endurbætur og lagfæringar á tólf strætóbiðstöðvum en framkvæmdirnar taka mið af ástandsúttekt á aðgengi strætóbiðstöðva sem gerð var sumarið 2020. Framkvæmdum er forgangsraðað samkvæmt ástandsúttekt auk fjölda farþega sem fara um hverja biðstöð.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að hverfa frá þeirri stefnu að strætóstoppistöðvar stoppi umferð með því að hafa ekki útskot fyrir strætisvagna.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Frábært er að sjá að bæta eigi aðgengi að strætóbiðstöðvum en staðan er samt sú að aðgengi er ábótavant á allt of mörgum biðstöðvum sem ekki á að bæta strax samkvæmt þessari tillögu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar að laga eigi nú aðgengi að strætóbiðstöðvum. Um er að ræða endurbætur og lagfæringar á 12 strætóbiðstöðvum. Framkvæmdir taka mið af ástandsúttekt á aðgengi strætóbiðstöðva sem gerð var sumarið 2020. Hálfnað er verk þá hafið er. Um 500 stöðvar þarfnast endurbóta og viðgerða bæði hvað varðar aðgengi og yfirborð. Samkvæmt kynningu sem flutt var í skipulags- og samgönguráði er aðgengi viðunandi á 11 stöðvum af 556 stöðvum. Þessi mál hafa verið í miklum ólestri svo lengi sem er munað. Aðgengi og yfirborðsvandi stétta við strætóbiðstöðvar hefur auðvitað komið verst niður á fötludu fólki. Ástandið er það slæmt að reikna má með löngum tíma sem það tekur að gera ástandið viðunandi, hvað þá fullnægjandi.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

8. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir í nýbyggingahverfum árið 2021, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 120 m.kr. R21060279
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

9. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við gerð göngu- og hjólastíga ásamt gerð hljóðmanar við lóðir nr. 72-74 og nr. 76 við Suðurlandsbraut, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 40 m.kr. R21060282
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hjólreiðaáætlun og Samgöngusáttmáli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu við ríkið gerir hvorutveggja ráð fyrir að fjölga hjólastígum gríðarlega. Þessi framkvæmd gerir ráð fyrir göngu- og hjólastígum frá göngubrú yfir Miklubraut á móts við Raudagerði til tengingar við stíga við Steinahlíð.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

10. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við nýjar leikskóla að Kleppsvegi 150-152 vegna verkefnisins Brúum bilið, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 989 m.kr. R20110116
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Húsnæðið við Kleppsveg 150-152 var keypt á 642.300.000. Þá lá fyrir kostnaðaráætlun upp á 367 milljónir, en þó var talið að kostnaðurinn gæti orðið „600 milljónir þegar allt er yfirstaðið“, eins og það var orðið. Heildarkostnaður átti að vera 1.200 milljónir með kaupvirði og þótti það gríðarlega hátt verð. Nú liggur fyrir önnur kostnaðaráætlun þar sem stefnir í að kostnaður við endurbætur verði 989 milljónir. Heildarkostnaður er þá kominn í 1.425 milljónir króna. Milljarð þarf í að laga þetta húsnæði sem var keypt fyrir 600 milljónir króna.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Enn eitt fjármálaklúðrið. Fyrst voru keyptir ónýtir hjallar á 600 milljónir og síðan hefur kostnaðurinn farið algjörlega úr böndunum. Frumkostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 600 m.kr. fyrir endurbætur á húsnæðinu og lóð leikskóla eða samtals 1.252 m.kr. með kaupum á öllu húsnæðinu. Kostnaðaráætlun II fyrir endurbætur á húsnæði og lóð er 989 m.kr. og er umframkeyrsla á verkefninu því tæpar 400 milljónir. Nú hefur komið í ljós að kostnaður pr. leikskólabarn er um 3 milljónum dýrara í þessu verkefni en ef farið hefði verið í nýbyggingu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að nýr leikskóli skuli koma í Laugardal og Vogum enda mikil þörf á. Vanda þarf til verka og vissa þarf að ríkja um að þetta húsnæði sé gott og heilt, laust við myglu og raka. Halda á innra skipulagi á efri hæð að Kleppsvegi 152 að mestu óbreyttu, en erfitt er að halda í innveggi sökum nauðsynlegra lagfæringa á gólfum eins og segir í gögnum. Skýrsla frá EFLU 2017 staðfestir eldri rakaskemmdir í húsnæði sem ekki er búið að bregðast við að fullu. Einnig eru viðvarandi lekar frá óþétu gluggakerfi og saga um leka frá þaki niður í gifsloft og vegg. Sýni staðfesta myglu- og örveruvöxt í húsnæði. Kostnaðarmat hefur hækkað og einnig sá hluti sem snýr að óvissu, auka- og viðbótarverkum sem áætlað er nú 129.000.000. Heildarkostnaður er 989.000.000 en var 600 m.kr. samkvæmt fyrra mati frá umhverfis- og skipulagssviði sem hafði unnið greiningu og frumathuganir varðandi breytingar. Fulltrúi Flokks fólksins vonar að tryggt verði að leikskólinn verði algerlega laus við myglu og raka en spyr jafnframt hvort ekki sé hægt að áætla óvissuþætti vegna auka- og viðbótarverka nákvæmara.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Rétt er að áréttu að ekki er um framúrkeyrslu að ræða, heldur er verið að samþykkja verkefnið byggt á ítarlegu kostnaðarmati sem nú liggur fyrir, en fyrri áætlun var frumkostnaðaráætlun og ekki óeðlilegt að einhver hækkun verði. Það ruglar opinbera umræðu um umframkeyrslu að blanda því saman að samþykkt kostnaðaráætlun sé hærri en upphaflega hefði mátt vona, og því þegar verkefni fara fram úr samþykktu kostnaðaráætlun.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi gagnbókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar að nýr leikskóli skuli vera í bígerð. Tvennt er þó áhyggjuefni; og það er, að verið er mögulega að byggja að hluta til úr myglu- og rakamenguðu húsnæði. Kostnaður er engu að síður mun meiri en frumáætlun sagði til um eða um 75% hærri sem segir nákvæmlega það, að jafn góður kostur hefði verið að rífa það sem fyrir var og byggja allt frá grunni.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

11. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við nýjan leikskóla í Safamýri 5 vegna verkefnisins Brúum bilið, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 752 m.kr. R21060302
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er uppfærð kostnaðaráætlun 74% hærri en upphafleg áætlun. Líkt og í máli númer 10 má ætla að borgin hefði ekki farið í verkefnið ef fjárhagsáætlun hefði verið rétt. Óvissuferðir eru dýrar.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er á ferðinni enn eitt fjármálaklúðrið. Frumkostnaðaráætlun var 433 milljónir en kostnaðaráætlun II hljóðar upp 752 milljónir og er því um 75% yfir kostnaðaráætlun. Framúrkeyrslan er 319 milljónir. Á fundinum voru kynntar endurbætur á húsnæði sem hýsa á tvo leikskóla í borginni og er samanlögð framúrkeyrsla beggja verkefna rúmar 700 milljónir. Það sjá allir að kostnaðargreiningar og fjárhagslegt framkvæmdamat er í molum hjá þeim sem stjórna borginni. Engar fjárhagsáætlanir standast.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nýr leikskóli í Safamýri 5, kostnaðaráætlun. Eins og kemur fram í gögnum var verkefnið á frumstigum innréttingarverkefni, þar sem koma átti fyrir leikskóla í eldra húsnæði með lágmarksbreytingum. Markmið verkefnisins var umfram allt að tryggja heilsusamlegt og gott húsnæði fyrir nýjan leikskóla. Nú er ljóst að ef húsnæði á að þjóna nýju hlutverki sínu á fullnægjandi máta þarf að nálgast verkefnið með öðrum og kostnaðarsamari hætti, en umfang og kostnaður verksins svipar til nýframkvæmdar. Í framhaldi af þessu veltir fulltrúi Flokks fólksins fyrir sér hvort ekki hefði átt að ákveða strax að byggja nýtt hús frá grunni.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

12. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki tillögu að úthlutun úr styrktarsjóði fyrir fjöleignarhús til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla, ásamt fylgiskjölum. R21060277
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að samþykkja styrki til húsfélaga um uppsetningu rafhleðslu við fjölbýli. Um er að ræða húsfélögin við Sóltún, Barðastaði og Helluvað. Húsfélög eru hvött til að sækja um úr styrktarsjóði fyrir fjöleignahús um uppsetningu rafhleðslustöðva.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

13. Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 29. júní 2021, að rammaúthlutun Reykjavíkurborgar 2022, ásamt fylgiskjölum. Greinargerð fylgir tillögunni. R21010107
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nú er gert ráð fyrir hagræðingu sem nemur 1% af launakostnaði og á að vera jafnt yfir öll fag- og kjarnasvið borgarinnar ásamt miðlægri starfsemi. Fulltrúa Flokks fólksins finnst að halda eigi áfram að hafa 0,5% hagræðingu á sviðum eins og skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Þessi svið berjast í bökkum enda þau svið sem eru í beinustu tengslum og þjónustu við borgarbúa. Þess í stað mætti hækka hagræðingarkröfu á þjónustu- og nýsköpunarsvið um meira en helming, sem ekki er betur séð að hafi brúðlað og nánast sóað fjármagni borgarbúa í alls konar tilraunaverkefni sem engin þörf er á í þessum mæli.

Halldóra Káradóttir og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

14. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 22. júní 2021, varðandi forsendur fjárhagsáætlunar 2022 og fimm ára áætlunar 2022-2026. R21010107

Halldóra Káradóttir og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

15. Lagt fram trúnaðarmerkt mánaðarlegt rekstraruppgjör A-hluta Reykjavíkurborgar janúar-apríl 2021, dags. 1. júlí 2021. R21010261

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

16. Lagðar fram tillögur borgarstjóra, dags. 29. júní 2021, að viðaukum við fjárhagsáætlun 2021. Greinargerðir fylgja tillögunum. R21010107
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

17. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 28. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki drög að samningi um sölu á hlutafé Reykjavíkurborgar í Neyðarlínunni ohf., ásamt fylgiskjölum. R19010192
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er eðlilegt að Reykjavíkurborg fari úr rekstri Neyðarlínunnar, enda á borgin að einbeita sér að eigin rekstri. Það er nægt verkefni, enda vandinn ærinn. Skemmst er að minnast þess að Neyðarlínan krafði borgarfulltrúa um afsökunarbeiðni eftir

uppákomu í fjölmiðlum á síðasta ári. Við þeirri beiðni var ekki orðið. Ljóst er að sambúð sem þessi gengur ekki upp.

Borgarráðsfulltrúi Pírata leggur fram svohljóðandi bókun:

Vorið 2020 ályktaði mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkur um hvatningu til stjórnar Neyðarlínunnar um að framkvæma óháða úttekt á verkferlum og vinnubrögðum í tengslum við móttöku erinda. Það var í kjölfar gagnrýni á störf Neyðarlínunnar sem fram hafði komið í opinberri umræðu. Í svari Neyðarlínunnar kom fram að verkferlar væru í sífelldri endurskoðun, sem hafi farið fram í kjölfar áðurnefndrar umræðu. Ráðið bauð stjórn Neyðarlínunnar í kjölfarið að fylgja svarinu eftir á vettvangi ráðsins og eiga samtál um ýmis atriði málsins sem ekki voru talin fyllilega útskýrð, meðal annars um almenna fræðslu til starfsfólks um stöðu minnihlutahópa. Það boð var ekki þegið. Reykjavíkurborg tekur slíka fræðslu alvarlega meðal síns starfsfólks og hjá þeim fyrirtækjum sem hún er eigandi að. Mikilvægt er að hafið sé yfir allan vafa að verklag Neyðarlínunnar byggir á virðingu fyrir þeim sem leita þurfa á náðir hennar og endurspegli hluttekningu og skilning á aðstæðum þeirra. Vegna þess hve lítinn hlut Reykjavíkurborg á í Neyðarlínunni er takmarkað hve mikil áhrif borgin getur haft á störf fyrirtækisins, en ábyrgð á þeim dreifist með dreifðu eignarhaldi. Í því ljósi er þessi tillaga um einfaldað eignarhald samþykkt í þeirri von að það stuðli að jákvæðri þróun í störfum Neyðarlínunnar.

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

18. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 28. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki viðauka við leigusamninga vegna COVID-19, ásamt fylgiskjöllum. R20030260
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Óli Jón Hertervig taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

19. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 29. júní 2021, þar sem borgarráði er tilkynnt að Bloomberg Philanthropies verður bakhjarl Reykjavíkurborgar í stafrænni vegferð hennar. R20080035

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða mikla viðurkenningu á markmiðum og metnaði Reykjavíkurborgar í stafrænni umbreytingu. Reykjavík var valin sem ein af tveimur evrópskum borgum úr hópi borga til þátttöku í verkefninu „Build back better“ ásamt Amsterdam, Bogotá, Mexíkóborg, San Francisco og Washington D.C og fylgdi veglegur fjárhagslegur stuðningur upp á tæpar 300 m.kr. Verkefnið sem leitt er af Bloomberg Philanthropies og Harvard háskóla er ætlað að hraða stafrænni umbreytingu svo bæta megi líf og lífsgæði jarðarbúa í kjölfar heimsfaraldurs. Á kjörtímabilinu hefur margt verið gert sem hefur stutt við þessa viðurkenningu. Nýtt svið þjónustu og nýsköpunar var meðal annars sett á laggirnar með aukinni áherslu á stafræna umbreytingu í öllu kerfinu. Stafrænni umbreytingu og nútímavæðingu þjónustu hefur verið flýtt og sérstöku átaki hrint út vör með því markmiði að nýta tækni og hugvit til að nútímavæða þjónustu á forsendum íbúans til að minnka vesen, minnka soun og minnka mengun. Nú er búið að setja á laggirnar stafræn teymi með stafrænum leiðtogum á öllum sviðum. Við höldum ótraud áfram.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi gagnbókun:

Það er á mörkum þess að vera löglegt að Reykjavíkurborg hafi heimildir til að taka við gjafafé frá Bloomberg Philanthropies samtökunum upp á 300 milljónir. Með

móttöku þessa fjármagns eru erlendir aðilar að skipta sér af og hafa áhrif á innanborgar- og innanríkismál. Slík lagaheimild er ekki til staðar sbr. umræður um slíkt þegar ESB umsóknin var lögð inn og reynt var að koma fjármagni að utan í kynningaráróður fyrir sambandið hér á landi.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Reykvíkingar eru rúmlega 133.000 talsins. Þegar hefur verið kynnt að það sem er kallað „stafræn umbreyting“ komi til með að kosta 10 milljarða á næstu þremur árum. Það gerir 300.000 kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í borginni. Ekki nóg með það heldur hefur Bloomberg Philanthropies, í eigu Michael R. Bloomberg, „valið“ Reykjavíkurborg til þátttöku í verkefninu „Build Back Better“ sem ætlað er að hraða stafrænni umbreytingu svo bæta megi líf og lífsgæði jarðarbúa í kjölfar heimsfaraldurs. Í hvaða martröð erum við Reykvíkingar komin? Hvaða mikilmennskubrjálæði hefur gripið borgarstjóra? Hvaða erindi á Reykjavíkurborg í þetta kompaní með borgum í Kólumbíu og Mexíkó? Manni fallast alveg hendur yfir gengdarlausum rándýrum gæluverkefnum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hvað sem allri stafrænni umbreytingu líður í rafrænu kerfi borgarinnar og mikilvægi hennar þá einkennist þetta bréf borgarstjóra af nokkru oflæti. Gengist er upp í stafrænum viðurkenningum sem skýtur skökku við þegar ekki allir borgarþátttakendur hafa fæði, klæði og húsnæði. Hér er það stafræna vegferðin sem virðist skipta öllu máli hjá meirihlutunum. Áður hefur fulltrúi Flokks fólksins bókað í þá veru að borgarstjóri og meirihlutinn er ekki að fá góða ráðgjöf í þessum málum. Markmiðin í stafrænni umbýltingu borgarinnar eru óljós og ávinningur ekki skilgreindur. Fulltrúi flokks fólksins vonar að borgarstjóri nái áttum þegar hann horfir á 10 milljarða innspýtingu í stafræn verkefni hverfa í mörg afar óljós tilraunaverkefni. Á meðan getur borgin varla sinnt lögbundinni þjónustu við börn. Kostnaður við rekstur skóla- og frístundasvið og velferðarsviðs er vanáætlaður og berjast þessi svið í bökkum. Tæplega 1100 börn bíða eftir fagþjónustu skóla. Sjónir hafa tapast á hvað skiptir mestu máli í borginni sem ætti að vera fólkið og þarfir þess fyrst og síðast. Hvað varðar þennan samning um stuðning Bloomberg er eftir því tekið að aðeins tvær borgir í norður Evrópu eru þátttakendur. Meðal þátttakenda er hins vegar að finna Kólumbíu og Mexíkó.

20. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 28. júní 2021, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarstjóra verði falið að undirrita samkomulag um endurnýjun á þátttöku Reykjavíkurborgar í sáttmála sveitarstjóra í Evrópu um loftslagsmál og orku, Covenant of Mayors for Climate and energy, Europe. Reykjavíkurborg hefur verið aðili að sáttmálanum og forverum þess síðan 2011. Endurnýjun þýðir að Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að aðgerðir borgarinnar endurspegli metnaðarfullsta markmið Parísarsáttmálans um að hiti á jörðinni hækki ekki umfram 1,5 °C.

Greinargerð fylgir tillögunni. R21060271
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða staðfestingu á alþjóðlegu loftslagssamstarfi sem borgin hefur tilheyrt árum saman. Tímaáætlun verkefnisins er nú að renna út og því eru heitin endurnýjuð um það að borgin taki þátt í því að ná metnaðarfullstu markmiðum Parísarsáttmálans.

21. Lagt fram bréf mannauðs- og starfsumhverfissviðs, dags. 28. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki drög að nýjum reglum um verklag vegna uppljóstrunar starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjólum. R21010268
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Vernd uppljóstrara snýst um aukið aðhald með lýðræðislegum og faglegum vinnubrögðum, að tryggja almannahagsmunum og stuðla að auknu trausti á stjórnarsýsluna. Reykjavíkurborg er metnaðarfull þegar kemur að vernd uppljóstrara og gengur með sinni innleiðingu enn lengra en lögin um vernd uppljóstrara kveða á um með reglum, verkferlum og nýrri uppljóstrunargátt. Gáttin á að tryggja örugg samskipti við uppljóstrara þar sem hægt verður að senda inn nafnlausar ábendingar. Þetta er hluti af umfangsmikilli vegferð Reykjavíkurborgar sem snýr að því að styrkja eftirlitsumhverfið, auka gagnsæi og réttindavernd borgaranna.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að nýjum reglum um verklag vegna uppljóstrunar starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi Reykjavíkurborgar. Þetta eru mikilvægar reglur að mati fulltrúa Flokks fólksins. Því er fagnað jafnframt að þær ná til allra þeirra sem eru í þeirri aðstöðu að geta orðið vitni að meintu lögbroti eða ámælisverðri háttsemi í starfsemi borgarinnar. Þetta þýðir að ef kjörinn fulltrúi verður vitni að eða hefur grunsemdir um mögulega sviksemi í borgarkerfinu eða meint lögbrot/ámælisverða hegðun og upplýsir um það, þá nýtur hann jafnframt verndar samkvæmt ákvæðum laga um vernd uppljóstrara og reglna þessara.

Elín Blöndal og Sigrún Jóhannesdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

22. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 21. júní 2021, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs og velferðaráðs frá 8. júní 2021 á tillögu um tímabundna fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum COVID-19 á börn og unglinga, ásamt fylgiskjólum. Einnig lögð fram umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 28. júní 2021. R21060073
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Brugðist er við mikilli eftirspurn eftir þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga í skólaþjónustu með stóratáki, sem nú er samþykkt 140 m.kr. aukafjárveiting fyrir. Þessi fjárveiting mun þjóna allt að 650 börnum á komandi ári. Sterkar vísbendingar eru um að tilfinningalegur vandi barna hafi aukist á tímum heimsfaraldurs COVID-19 og hefur hlutfall barna, þar sem tilfinningalegir erfiðleikar eru aðalástæða tilvísana til skólaþjónustu aukist um rúm 300% frá 1. janúar 2020 – 1. maí 2021. Þessu ástandi þarf að bregðast hratt við, til að vandinn fá ekki að vaxa og nýta til þess utanaðkomandi sérfræðinga sem geta strax tekið við nýjum verkefnum.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista styður efni tillögunnar en vill ganga lengra. Mikilvægt er að börn séu ekki að bíða til lengdar eftir þjónustu. Þann 1. maí sl. biðu 1.033 börn eftir fyrstu þjónustu, 525 börn eftir þjónustu sálfræðings og 430 eftir þjónustu talmeinafræðings. Tillagan um tímabundna fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum COVID-19 á börn og unglinga, gerir ráð fyrir 140 m.kr. fjárheimild. Áætlað er að fjárveitingin dugi til að veita allt að 650 börnum þjónustu á 12 mánaða

tímabili. Sérfræðingar sem starfa nú á þjónustumiðstöðvum munu jafnframt vinna við að þjónusta börn á biðlistunum til að hægt sé að vinna á honum. Fulltrúi sósíalista hefur áhyggjur af því að 140 m.kr. dugi ekki.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nú á að gyrða sig í brók og hefjast handa við að ráðast til atlögu gegn löngum biðlistum barna eftir fagþjónustu. Sálfræðingar eiga þó ekki að hafa aðsetur innan skólanna eins og fulltrúi Flokks fólksins hefði viljað sjá og hefur ítrekað lagt til. Það er auk þess vilji margra skólastjórnenda enda þjónar slíkt fyrirkomulag best börnum og starfsfólki. Hér talar fulltrúi Flokks fólksins af 10 ára reynslu sinni sem skólasálfræðingur. Nú bíða 1.068 börn eftir þjónustu fagfólks skóla. Biðlistinn hefur verið að lengjast jafnt og þétt síðustu árin og enn meira í COVID. Börn sem bíða eftir þjónustu talmeinafræðings eru 434. Fulltrúi Flokks fólksins hefur frá upphafi kjörtímabils barist fyrir því að fagfólki verði fjölgað og að farið verði markvisst í að stytta biðlista barnanna en talað hefur verið fyrir daufum eyrum. Fulltrúi Flokks fólksins fagnar vissulega að stíga eigi þetta skref. Hins vegar hefur dýrmætur tími glatast. Fyrir tugi barna sem hafa verið á biðlistum er ansi seint í rassinn gripið. Þau hafa beðið mánuðum, jafnvel árum með vandamál sín óleyst í þeirri von að brátt komi nú röðin að þeim og þau fái fullnægjandi þjónustu. Þessi fjárveiting er sögð duga fyrir 650 börn, sem er um helmingur af börnum á biðlistanum

Helgi Grímsson og Regína Ásvaldsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

23. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 29. júní 2021, varðandi hámarksfjölda reykvískra nemenda í alþjóðadeild Landakotsskóla, ásamt fylgiskjölum. R21060293
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Alþjóðaskóli Landakotsskóla sinnir mikilvægu starfi og er með sjálfstæða starfssemi svo sem sérstaka námsskrá og kennara. Það eru því rök fyrir því að styðja myndarlega við starfssemi Alþjóðaskólans enda í takt við stefnur borgarinnar. Þessi starfssemi eykur samkeppnishæfni borgarinnar og ætti því að vera í meiri forgangi en verið hefur.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

24. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 29. júní 2021, varðandi hámarksfjölda fimm ára barna með lögheimili í Reykjavík í Skóla Ísaks Jónssonar, ásamt fylgiskjölum. R21060289
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er mikilvægt að sjálfstætt starfandi skólar njóti sannmælis í borginni, enda sinna þeir mikilvægu starfi. Enn hallar á að jafnræði sé meðal skóla og skerðir þessi mismunun möguleika barna til menntunar, enda er fjölbreytt skólastarf líklegra til þess að börn finni hæfileikum sínum og draumum farveg. Þá er styrkur að því að hafa ekki einhæft rekstrarform í skólum bæði fyrir nemendur og kennara. Það ætti að efla sjálfstætt starfandi skóla.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

25. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 29. júní 2021, varðandi hámarksfjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík í Suðurhlíðarskóla, ásamt fylgiskjölum. R21060290 Samþykkt.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

26. Lagt fram bréf skóla- og frístundaráðs, dags. 23. júní 2021, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 22. júní 2021 á tillögu um hámarksfjölda reykvískra nemenda í skólum utan Reykjavíkur, ásamt fylgiskjölum. R21060229 Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsins.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

27. Lagt fram bréf skóla- og frístundaráðs, dags. 23. júní 2021, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 22. júní 2021 á tillögu um vitundarvakningu um loftslagsmál, ásamt fylgiskjölum. R21060231

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að stunda ekki pólitískan rétttrúnað eða heilapvott í grunnskólum Reykjavíkur sem byggir á hræðsluáróðri. Minnt er á að börn í Vinnuskóla Reykjavíkur voru fyrir stuttu æfð í að útbúa mótmælaskilti og send í kröfugöngu og fóru stjórnendur Vinnuskólans þar langt út fyrir hlutverk sitt. Grunnskólar eru skólar. Í 13. gr. laga um grunnskóla segir: „Nemendur eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans.“ Kvíði og vanlíðan er algeng hjá grunnskólabörnum og ekki er á það bætandi að bæta við „loftslagskvíða“ í skyldunámi.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

28. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 22. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að tilraunaverkefni um íbúaráð verði framlengt til 1. október 2021, ásamt fylgiskjölum. R19100342 Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð hafa verið tilraunaverkefni allt kjörtímabilið. Tilraunin hefur verið umdeild, enda lítið lýðræði þegar einfaldur meirihluti ræður för. Engin skýring er gefin fyrir því af hverju þetta sé áfram tilraunaverkefni, enda engin framvinduskýrsla, eða úttekt hlutlauss aðila á verkefninu árum saman.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er sjálfsagt að framlengja verkefnið um ný íbúaráð vegna COVID. Hitt er, að það er nauðsynlegt að gera breytingar á þeim þannig að þau séu meira fyrir fólkið í borginni. Íbúaráðin eru alltof pólitísk og á minnihlutinn í þeim ekki nógu sterka rödd. Hugsa þarf íbúaráðin sem rödd borgarbúa og þurfa ráðin að hlusta á íbúana og taka mál inn á fundina sem óskað er eftir. Opna á fundina fyrir íbúa sem óska eftir að koma á fund og ræða ákveðin mál. Íbúar hafa margir sagt að þeir hafi átt erfitt með að ná til íbúaráðanna og að ekki hafi verið á þá hlustað. Nærtækast er að taka dæmi um íbúaráð Breiðholts. Þar var ítrekað reynt að koma máli til umfjöllunar ráðsins; fyrirhugaður 3. áfangi Arnarnesvegar. Vinir Vatnsendahvarfs reyndu að fá sett á dagskrá íbúaráðs Breiðholts umræðu um nauðsyn þess að fá nýtt umhverfismat í stað þess að byggja eigi á 18 ára gömlu mati en það gekk erfiðlega. Meirihlutinn í ráðunum er valinn af meirihlutunum í borginni og það má ekki vera

þannig að erfitt eða ómögulegt verði að koma málum á dagskrá ef meirihlutanum í borginni hugnast þau ekki.

- Kl. 12.57 víkja Elín Oddný Sigurðardóttir og Marta Guðjónsdóttir af fundinum.
- 29. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 29. júní 2021, varðandi viðræður við Seltjarnarnesbæ um fjölnota knatthús KR í Frostaskjólí, ásamt fylgiskjölum. R21050279
- 30. Lagt fram svar menningar- og ferðamálasviðs, dags. 28. júní 2021, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðkomu Reykjavíkurborgar að nýyrðasamkeppnum, sbr. 54. lið fundargerðar borgarráðs frá 3. júní 2021. R21060023

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spurði um aðkomu borgarinnar að nýyrðasamkeppnum s.s. kostnað við þessa ákveðnu samkeppni (staycation) og af hverju mismunandi háar greiðslur voru til fjölmiðla og loks hvað hefur borgin greitt mikið til samkeppni af þessu tagi sl. 5 ár. Segir í svari að umrædd markaðsherferð sé mun umfangsmeiri en orðaleikurinn sjálfur og að „með herferðinni er verið að styðja við fyrirtæki, menningarstarfsemi og ferðapjónustu í borginni í kjölfar heimsfaraldursins í samræmi við ákvörðun borgarráðs frá mars 2020.“ Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta vera loðið svar. Segir einnig að fyrir þessu sé ekki fordæmi. Heildarkostnaður er 2.332.942. Fulltrúa Flokks fólksins finnst margt í þessu ekki ganga upp. Þetta er kannski skemmtilegt verkefni en þegar hugsað er til erfiðrar stöðu hjá mörgum í borginni er erfitt að skilja hvernig hægt er að réttlæta að verja á þriðju milljón í verkefni af þessu tagi sem er á engan hátt nauðsynlegt að sé á forræði sveitarfélags.

- 31. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 25. júní 2021, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um áhrif vaxtahækkunar Seðlabanka Íslands á skuldastöðu og afborganir lána hjá Reykjavíkurborg, sbr. 65. lið fundargerðar borgarráðs frá. 20. maí 2021. R21050226

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um áhrif vaxtahækkunar Seðlabankans á skuldastöðu og afborganir lána hjá Reykjavíkurborg er lagt fram. Fulltrúa Flokks fólksins sýnist samkvæmt þessu skjali að borgin hafi að miklu leyti varið sig gegn breytingum á almennum útlánsvöxtum með því að taka lán með föstum vöxtum. Það er í sjálfu sér skynsamlegt þegar vextir eru lágir. Tekið er undir það sem fram kemur í meðfylgjandi skjali, að vaxtahækkunir Seðlabankans á stýrivöxtum hafi ekki mikil áhrif á vaxtagreiðslur borgarinnar eins og staðan er núna. Breytingar á stýrivöxtum hafa mest áhrif á óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum þar sem þá kemur þungi vaxtabreytinganna fram af fullum þunga strax en minni áhrif á verðtryggt lán með breytilegum vöxtum þar sem hluti afborgana og vaxta leggst við höfuðstólinn.

- 32. Lagt fram svar skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. júní 2021, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um yfirlit yfir öll framlögð mál Flokks fólksins, sbr. 87. lið fundargerðar borgarráðs frá 15. apríl 2021. R21040150

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins óskaði eftir að fá framlögð mál sín, fyrirspurnir og tillögur á kjörtímabilinu sett inn á heimasvæði Flokks fólksins á vef Reykjavíkurborgar með það að markmiði að auka gegnsæi og aðgengi borgarbúa að málum kjörinna fulltrúa. Síðan þá hefur það gerst að á fundi borgarráðs 24. júní sl. var lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar yfir fyrirspurnir og tillögur lagðar fram í borgarráði á yfirstandandi kjörtímabili. Fyrir það er þakkað og vill fulltrúi Flokks fólksins óska

eftir því í framhaldinu að málalistinn verði settur inn á heimasvæði Flokksins á vef borgarinnar en það heimasvæði er nú þegar til staðar. Ekki er verið að biðja um að einhver einstök mál verði sett þar inn heldur öll framlögð mál, fyrirspurnir og tillögur og upplýsingar um hvaða málum er lokið og hvaða er ólokið í borgarkerfinu. Fulltrúi Flokks fólksins sér ekki fyrir sér að Gagnsjá og/eða Hlaðan verði að veruleika á þessu kjörtímabili eða því næsta ef því er að skipta og telur því ekki raunsætt af svaranda að vísa málinu þangað.

33. Lagt fram svar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21. júní 2021, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 30. lið fundargerðar borgarráðs frá 11. mars 2021. R21030120

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

4 milljónir hafa farið til starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur í að ákvarða laun forstjórans frá árinu 2013. Stjórn Orkuveitunnar tekur svo ákvörðun um þóknun til starfskjaranefndar að tillögu nefndarmanna í starfskjaranefnd. Hvaða hringavitleysa er þetta eiginlega? Svona fer fyrir fé án hirðis. Algjör sjálfataka.

34. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 28. júní 2021, við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til verktaka og fjölda þeirra hjá sviðum borgarinnar og ráðhúsi árið 2020, sbr. 55. lið fundargerðar borgarráðs frá 29. apríl 2021. R21020055

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hvers vegna í ósköpunum er ekki haldið bókhald yfir verktakafjölda í bókhaldi Reykjavíkurborgar? Er nema von að reksturinn sé í molum ef sú yfirsýn er ekki til staðar, þ.e hverjir eru launþegar og hverjir eru verktakar. Í svarinu segir: „Verktakar eru ekki skilgreindir sérstaklega í bókhaldi borgarinnar en hugtakið verktakagreiðslur nær yfir mengi gjaldalykla vegna þjónustukaupa, sem eru merktir sérstakri skattmerkingu og eru þær greiðslur færðar á launamiða í lok árs og gefnar upp til skatts.“ Borgarfulltrúi Miðflokksins þurfti að leggja fram framhaldsfyrirspurn til að þína þessar upplýsingar fram. Nú er að koma heildarsýn á málið. Verktakar hjá Reykjavíkurborg voru 1.793 á árinu 2020 og greiddir voru rúmir 8 milljarðar til þeirra. Sláandi er að sjá að á þjónustu- og nýsköpunarsviði voru 214 verktakar á árinu. Peningarnir streyma úr borgarsjóði án yfirsýnar og án útboðs. Þessa þróun verður að stöðva.

35. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 28. júní 2021, við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um greiðslu til Guðjóns Friðrikssonar og tengdra félaga, sbr. 38. lið fundargerðar borgarráðs frá 3. maí 2018. R18050025

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér hefur einn aðili fengið að minnsta kosti þrjátíu milljónir greiddar vegna ritstarfa hjá borgarfélagum á síðustu árum. Fram kemur í svari fjármála- og áhættustýringarsviðs að ekki liggi fyrir upplýsingar um hvort um frekari greiðslur hafi verið að ræða til félaga á vegum Guðjóns þrátt fyrir að um það hafi verið spurt. Um er að ræða verulega fjármuni, tugir milljóna sem greiddir hafa verið út án samkeppni eða auglýsingar.

36. Lögð fram svör íþróttá- og tómsundasviðs, dags. 23. júní 2021 og 14. janúar 2020, við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hvers vegna Reykjavíkurborg geri ekki ráð fyrir framlögum til þeirra íþróttafélaga sem nú þegar hafa stofnað rafíþróttadeildir, sbr. 68. lið fundargerð borgarráðs frá 9. janúar 2020. R19040029

37. Lögð fram fundargerð innkaupa- og framkvæmdaráðs frá 24. júní 2021. R21010004

38. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals frá 21. júní 2021. R21010026
39. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Háaleitis og Bústaða frá 24. júní 2021. R21010028
40. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Miðborgar og Hlíða frá 21. júní 2021. R21010031
41. Lögð fram fundargerð ofbeldisvarnarnefndar frá 21. júní 2021. R21010021

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 6. lið fundargerðarinnar:

Fulltrúi Flokks fólksins tekur undir mikilvægi þess að fræða börn um ofbeldi af öllu tagi, hvernig það birtist og viðbrögð við því. Spurningin er ekki hvort eigi að fræða börn um þessi mál heldur hvernig. Fræðsla þarf að beinast bæði að því hvernig börn og ungmenni verja sig fyrir ofbeldi en einnig hvar mörkin liggja í hegðun gagnvart öðrum. Í þessu sambandi er mikilvægt að fræða börn um stríðni og einelti. Ungmennin sjálf hafa kallað eftir aukinni fræðslu um þessi mál. Börn og ungmenni þurfa að þekkja mannréttindi barna og rétt þeirra til verndar gegn ofbeldi. Fyrsta skrefið í forvörnum gegn ofbeldi er að ræða um það með opinskáum og hreinskilnum hætti. Umfram allt þarf fræðslan að beinast að því að styrkja sjálfsmynd barna, að kenna þeim að treysta sinni eigin dómgreind en grunninn að því þurfa foreldrar og fagfólk að leggja með þeim. Fátt í lífi barna gerist án aðkomu og þátttöku foreldra þeirra/forsjáraðila.

42. Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 23. júní 2021. R21010016
43. Lögð fram fundargerð skipulags- og samgönguráðs frá 30. júní 2021. R21010008
B-hluti fundargerðarinnar er samþykktur.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 3. lið fundargerðarinnar:

Arnarnesvegur skipulagslýsing. Skýrsla frá Eflu er gagn með þessum lið. Þar blasir við að skýrslan er ekki hlutlaus heldur réttlætning á gerðum Vegagerðarinnar. Sagt er að gengið verður frá fláum og fyllingum með staðargróðri til þess að lágmarka ásyndaráhrif rasks. En málið er að gróðurfar í Vatnsendahvarfi er í miklu breytingarskeiði og ekki er hægt að tala um staðargróður. Þarna er aðeins verið að réttlæta slæman gjörning. Einnig er sagt að: „verður markvisst reynt að lágmarka áhrif og inngríp sem hlýst af framkvæmdinni. Sérstaklega á ásynd svæðanna frá á gróinni íbúðarbyggð og vegna skerðingu á útivistarmöguleika á nærsvæðum. Mótvægisáðgerðum verður markvisst beint að hljóðvist og ásynd.“ Hér er sagt frá því hvernig þessi vegur mun mjög takmarka útivistargildi svæðisins, svo ekki sé talað um áhrif á Vetrargarðinn. Ekki fær séð hvernig bjarga eigi því með því að takmarka hljóðvist og ásynd. Það má minna á að Skipulagsstofnun getur ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila ef forsendur hafa breyst verulega frá því að álitid lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, alþjóðlegum skuldbindingum eða tækniþróunar. Á tæpum 20 árum sem liðin er frá umhverfismatinu hefur mest allt ofangreint gerst.

44. Lögð fram fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 22. júlí 2021. R21010007

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það hefur komið skýrt fram hjá foreldrum og börnum að færa beri skólastarf sem allra fyrst í Fossvoginn en alger einhugur er um að stíga ekki fæti inn í núverandi

skólabyggingar fyrr en framkvæmdum er að fullu lokið. Málefni Fossvogsskóla er dæmi um samráðsleysi meirihlutans að mati fulltrúa Flokks fólksins. Ergelsi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur einkennt svör við fyrirspurnum fulltrúa Flokks fólksins um málið. Foreldrar hafa þurft að berjast við borgaryfirvöld með kjafti og klóm til að fá áheyrn og úrbætur. Nú hefur skýrsla EFLU um úttekt á húsnæðinu litið dagsins ljós. Fram kemur í skýrslunni að ráðast þarf í umfangsmiklar endurbætur á húsnæðinu til að greiða úr þrálátum raka- og mygluvanda sem ítrekað hefur komið upp í skólanum og haft neikvæð áhrif á heilsu nemenda. Raki greindist enn í húsnæði skólans en að mati EFLU eru eldri viðgerðir ekki fullnægjandi í öllum tilfellum og enn að finna raka á viðgerðum svæðum. Mygla greinist í húsnæðinu og í gluggakistum skólans er að finna asbest. Í úttektinni er farið yfir möguleikann á því að rífa hreinlega skólann, en sú leið er þó talin kostnaðarsamari heldur en að ráðast í umfangsmiklar endurbætur en þörf er á fjölmörgum úrbæturum.

45. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 11 mál. R21060272

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 5. lið yfirlitsins:

Nokkrum tillögum sem fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt fram í borgarstjórn, í borgarráði eða skóla- og frístundaráði var vísað til stýrihóps um málaflokkinn. Ekkert af þessum tillögum náðu fram að ganga en þær eru eftirfarandi: Tillaga 1: Flokkur fólksins vill enn og aftur leggja það til að borgarmeirihlutinn setji málaflokk sérskóla í forgang og veiti í hann meira fé. Tillaga 2: Flokkur fólksins vill leggja til að inntökureglur í svokallaðan þátttökubekk verði rýmkaðar til muna. Til stóð að bekkirnir yrðu 4 í borginni. Fjölgi umsóknum í „þátttökubekk“ er lagt til að þeim verði fjölgað eftir þörfum Tillaga 3: Flokkur fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að skóla- og velferðaryfirvöld leiti eftir formlegu samstarfi við Þroska- og hegðunarstöð (PHS) í þeim tilgangi að vinna saman að málum barna þar sem t.d. aðkoma barnalæknis er nauðsynleg Tillaga 4: Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn fari þess á leit við innri endurskoðun að hún geri úttekt á sérkennslu leik- og grunnskóla í Reykjavík. Tillaga 5: Flokkur fólksins leggur til að sálfræðingar skólaþjónustu hafi aðsetur í þeim skólum sem þeir sinna. Einnig er lagt til að skólasálfræðingar heyri undir skólastjórnendum sem ákvarði í samráði við nemendaverndarráð verkefnalista sálfræðings án miðlægra afskipta.

46. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1020/2019. R21060255
47. Lögð fram beiðni Kristínar Soffíu Jónsdóttur borgarfulltrúa um lausn frá störfum sínum í borgarstjórn til loka kjörtímabilsins. R21060312
Samþykkt.
48. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 29. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki úthlutun lóðar og sölu byggingarréttar fyrir lóð að Járnsléttu 8. R21060227
Samþykkt.

Hrefna Þórsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

49. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. júní 2021, þar sem borgarráði er tilkynnt að ekki verði af samkomulagi samkvæmt drögum sem samþykkt voru í borgarráði þann 15. apríl sl. vegna Brautarholts 26-28. R21040031

Hrefna Þórsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

50. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 28. júní 2021, þar sem yfirlit yfir starfs- og stýrihópa borgarstjóra og borgarritara 2018-2021 er sent borgarráði til kynningar, ásamt fylgiskjöllum. R21060176

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það dugir greinilega ekkert minna í rúmlega 130 þúsund manna sveitarfélagi. 82 starfs- og stýrihópar. Hér birtist óreiðan í rekstri borgarinnar best. Borgarstjóri og meirihlutinn eru ófær um að stjórna borginni sem er eins og smáfyrirtæki í alþjóðlegu samhengi. Og hverju skilar svo þessi fjöldi starfs- og stýrihópa? Nákvæmlega engu. Reksturinn og viðhaldsleysi bygginga borgarinnar er í molum. Kjaftahópar leysa ekki þá staðreynd.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Starfs- og stýrihópar - yfirlit 2018-2021 er lagt fram. Frá því að kjörtímabilið 2018-2022 hófst í Reykjavík hefur 71 starfs- og stýrihópur verið skipaður af borgarstjóra og borgarritara, sbr. hjálagt yfirlit. Af þeim hópum sem skipaðir hafa verið á yfirstandandi kjörtímabili hafa 33 lokið störfum og 38 eru enn starfandi. Til viðbótar eru 11 hópar enn starfandi frá síðasta kjörtímabili. Alls eru þetta 82 starfs- og stýrihópar. Þetta eru áhugaverðar upplýsingar að mati fulltrúa Flokks fólksins. Athygli vekur að það eru 11 hópar starfandi frá síðasta kjörtímabili. Af 71 hópi hafa aðeins 33 lokið störfum. Fulltrúa Flokks fólksins finnst að setja þurfi eitthvað þak á hversu lengi hópar geta verið að störfum. Ef starfs- og stýrihópar eiga að virka sem skyldi þurfa þeir að vinna með markvissum og skilvirkum hætti og skila af sér fljótt og vel. Ef afurð hópanna lítur ekki dagsins ljós fyrr en mánuðum eða árum eftir að þeir hófu störf er lítið gagn af þeim og niðurstöður þeirra jafnvel orðnar úreltar þegar þær loksins verða gerðar opinberar.

- Kl. 13.08 tekur Jórunn Pála Jónasdóttir sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.

51. Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ársskýrslu Strætó bs. frá árinu 2020 kemur fram að heildar starfsmannavelta hækkaði um 2% á milli ára og stóð árið 2020 í 14%. Er þar með verið að tala um starfsmenn óháð því hvort þau séu ráðin inn í gegnum verktaka, t.a.m. vagnstjórar Kynnisferða og Hagvagna sem sinna akstri fyrir Strætó bs.? Er starfsmannaveltan hærri eða lægri hjá þeim vagnstjórum sem eru ráðnir inn í gegnum verktaka? Óskað er eftir því að sjá hvernig starfsmannaveltan dreifist á ólík fyrirtæki og óskað er eftir því að fá það sundurliðað eftir árum. R21070013

Vísad til umsagnar Strætó bs.

52. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Kynnt var á borgarráðsfundi 1. júlí sl. að Bloomberg Philanthropies samtökin leggi áherslu á að skapa varanlegar breytingar á fimm lykilsviðum: Listir, menntun, umhverfi, nýsköpun stjórnvalda og lýðheilsu en Bloomberg Philanthropies veitti 1,6 milljörðum dala til þessa árið 2020. Styrkirnir í ár eru þeir fyrstu sem einbeita sér eingöngu að stafrænni umbreytingu. Bloomberg Philanthropies hefur fjármagnað svokölluð „i-teymi“ frá árinu 2011 til að aðstoða borgarstjóra við að knýja fram nýjar lausnir til að leysa þéttbýlisáskoranir 21. aldarinnar. Með fjárframlagi upp á tæplega 2,2 milljónir bandaríkjadala til næstu þriggja ára verður „i-teymi“ nú sett á laggirnar hjá Reykjavíkurborg, nýsköpunarteymi sem hjálpa mun borginni að nýta frekar gögn og stafræna tækni til að bæta opinbera þjónustu og finna skapandi leiðir til að skapa verðmæti fyrir samfélagið. Nú þegar, hefur þetta verkefni kostað útsvarsgreiðendur í Reykjavík 10 milljarða.

1. Hvað hefur borgarstjóri eða borgarsjóður fengið háar upphæðir úr verkefninu miðað við 1. júlí 2021?
2. Ef engar greiðslur hafa verið inntar af hendi – hversu háar upphæðir er vonast eftir að borgarstjóri eða borgarsjóður fái í framtíðinni út úr verkefninu?
3. Nú þegar, hefur verið kynnt, að til standi að ráða tæplega 60 manns vegna „stafrænnar þjónustu“ hjá borginni og hér er kynnt að ráða þurfi nýja starfsmenn – geta þessir tæplega 60 manns ekki sinnt verkefninu?
4. Hvað hefur borgarstjóri og allt hans fylgdarlið farið margar ferðir til útlanda vegna Bloomberg verkefnisins?
5. Hver hefur kostnaður borgarinnar verið vegna þeirra ferða að meðtöldum dagpeningum? R20080035

Vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Fundi slitið kl. 13:21

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Sabine Leskopf
Dagur B. Eggertsson
Jórunn Pála Jónasdóttir

Alexandra Briem
Eypór Laxdal Arnalds
Valgerður Sigurðardóttir



Borgarráð

Járnsléttu 8, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Íslenska gámafélaginu ehf., kt. 470596-2289, um 5.342 m² lóð að Járnsléttu 8, Kjalarnesi, auk 2.132,8 m² byggingarréttar ofanjarðar.

Gatnagerðargjald, miðað við 2.132,8 m² byggingar ofanjarðar, er áætlað 48.305.787 kr.

Þann 30. apríl 2020 fékk Íslenska gámafélagið vilyrði fyrir Bronssléttu 7 og Járnsléttu 8 sem er háð því skilyrði að Kalksléttu 1 sem félagið hefur fengið úthlutað, dugi ekki fyrir starfsemi félagsins.

Fyrir byggingarrétt lóðarinnar er greitt markaðsverð að mati fasteignarsala og þeirra lóða sem eru til sölu á föstu verði við Esjumela.

Heildargreiðsla fyrir byggingarétt, að meðtöldum gatnagerðargjöldum, er 61.635.787 kr. og er gjaldddagi greiðslunnar 45 dagar frá úthlutun borgarráðs.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærra hús á lóðinni en sem nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir lóðina, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni. Viðbótargatnagerðargjaldið skal greitt áður en byggingaleyfi er gefið út.

Ef byggingarréttur á lóðinni eykst eða samþykkt er breytt húsagerð áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til þess að endurskoða söluverð byggingarréttar á lóðinni og/eða innheimta greiðslu fyrir aukinn byggingarrétt.

Tengigjald fráveitu, heimlagngjöld og önnur gjöld eru innheimt af Veitum ohf. skv. gjaldskrá.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi, án sérstakrar samþykktar borgarráðs og án sérstakrar tilkynningar þar um, sbr. grein 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, útgefnum í júní 2013.

Athygli er vakin á því, að framsal byggingarréttarins er óheimilt áður en gerður hefur verið lóðarleigusamningur um viðkomandi lóð nema að fengnu sérstöku samþykki borgarráðs. Einnig er vakin athygli á því að stærð og lega lóðarinnar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf.

Lóðarhafi getur ekki skilað lóðinni aftur til Reykjavíkurborgar. Lóðaleigusamningur verður gerður þegar lóðin hefur verið greidd og geymir hann nánar stærð lóðar og kvaðir á henni.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðina almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar, útgefni í júní 2013 og gildandi deiliskipulag. Lóðaskilmálarnir eru aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar, á vefslóðinni: reykjavik.is/lodir.

Hrefna Þórsdóttir
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt:
Verðmat dags. 7. júní 2021

Verðmat

Járnsléttu 8 - Byggingarlóð

Undirritaður hefur samkv. beiðni Oddrúnar Helgu Oddsdóttur f.h. Reykjavíkurborgar, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skoðað og verðmetið byggingarlóð sem eru í eigu matsbeiðanda. Verðmatið er án gatnagerðargjalda. Skoðun lóðarinnar fór fram 1. júní 2021.

Nánari lýsing og forsendur:

Lóðin við Járnsléttu 8 verður leigð út til 50 ára með byggingarrétti fyrir atvinnuhúsnæði. Heimilað byggingarmagn er 2.132,8 m² ofanjarðar með nýtingarhlutfalli 0,4. Lóðarstærð er 5.342 m². Matsmaður hefur kynnt sér deiliskipulag og lóðaruppdrátt fyrir svæðið.

Niðurstaða:

Matsmaður áætlar markaðsverðmæti fyrir hvern byggingarfermetra sem leyfilegt er að byggja á lóðinni **kr. 7.500,-** eða samtals **kr. 15.966.000,-** Í verðmati þessu er við það miðað að gatnagerðargjöld séu ógreidd.

Undirritaður hefur í dag verðmetið ofangreinda lóð og stuðst við opinber gögn. Tekið er mið af stærð og söluverði sambærilegra lóða á svipuðu markaðssvæði á undanförunum misserum. Framangreinda eign hefur undirritaður metið eftir bestu samvisku og þekkingu. Verðmat þetta byggir á sama grundvelli og um væri að ræða eign til sölumeðferðar hjá Mikluborg fasteignasölu.

Reykjavík, 7. júní 2021



Pröstur Þórhallsson lögg. fasteignasali

ÍG vill fá að stækka athafnasvæðið sitt á Esjumelum á næstu árum. Hér verður reynt að útskýra og sýna fram á aukin umsvif félagsins síðustu ára og til næstu ára.

Aukin umsvif

Mikil aukning hefur orðið í starfsemi ÍG á síðustu árum og hefur magn úrgangs sem meðhöndlaður er hjá fyrirtækinu aukist gríðarlega. Auk þess hefur heildsala fyrirtækisins á ílátum og rekstrarvörum tengdum sorphirðu, einnig aukist á undanförunum árum.

Milli árana 2019 og 2021 var magn úrgangs nokkuð stöðugt en á síðasta ári jókst heildarmagn meðhöndlaðs úrgangs um rúm 24%. Þessi mikla aukning kallar á **aukið svæði** til meðhöndlunar og vinnslu.

Í töflu 1. má sjá hlutfallslega magnaukningu nokkurra hráefnaflokka frá árinu 2019-2022

<u>2019-2022</u>	<u>Aukning</u>
Almennt sorp	26%
Óflokkaður úrgangur	16%
Bylgjupappi	26%
Plast	402%

Tafla 1.

Ef magnaukningin er skoðuð á milli árana 2021 og 2022 má sjá að magn aukning þessara flokka heldur áfram sjá töflu2.

<u>2021-2022</u>	<u>Aukning</u>
Almennt sorp	35%
Óflokkaður úrgangur	25%
Bylgjupappi	13%
Plast	251%


Tafla 2.

Á myndu 1-4 má sjá þróun magns nokkurra hráefnisflokka frá árinu 2019-2022.


Minnisblað




Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3




Mynd 4

Fjölgun úrgangsflokka

Með breytingu á lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er gert skylt að sér safna ákveðnum úrgangsflokkum s.s. pappír og pappa og plastumbúðum. Sér söfnunin krefst þess að hráefnunum sé haldið aðskildum og því þarf **meira landsvæði** undir hráefni sem bíða frekari vinnslu.

Einnig hefur verið sett á krafa um söfnun á gleri annar vegar og textíl hins vegar sem enn eykur **plássörfina**.

Staðan í dag á Kalksléttu 1



Mynd 5. Loftmynd af Kalksléttu 1. Tekinn 1 mars 2023

Minnisblað

Mynd 5. sýnir loftmynd af Kalksléttusvæðinu sem tekinn var 1 mars á þessu ári. Þar má sjá að nánast hver fermeter er fullnýttur við geymslu á bæði vélbúnaði/tækjum sem og hráefnisflokkum sem bíða frekari meðhöndlunar (útflutningur og frekari flokkun).

Í dag fara ca 7-10 gámabílar daglega inn og út af svæðinu með endurvinnsluhráefni til útflutnings, plús fjölda ruslabíla með almennt sorp sem koma á degi hverjum til losunar inní flokkunarskemmurnar (þrjár á myndinni). Að auki koma líka daglega fjölda annara endurvinnsluhráefna (timbur, dekk, málmar, spilliefni ofl.) sem fara inná svæðin okkar og bíða frekari flokkunar.

Svæðið eins og það lítur út núna leyfir okkur ekki að safna miklu meira því við verðum að geta haft nægjanleg rými/svæði fyrir alla þessa bíla sem koma og fara um svæðið daglega. Verðum að hafa öruggar akstursleiðir um og í kringum svæðið.

Framtíðar uppbygging

Í undirbúningi hjá okkur um þessar mundir er uppbygging á nýrri spilliefna og málmavinnslu á Kalksléttu 1. Eins og staðan er í dag að þá er ekki pláss, við verðum að geta losað um svæðið betur og ein hugmynd okkar er að færa geymslu krókgáma, saltkassa, snjótennur og annara fyrirferðarmikilla tækja yfir á **Bronssléttu 7**.

Einnig má nefna hér að við erum í miklum vandræðum með bílastæði starfsfólks inná svæðinu okkar. Við viljum helst ekki þurfa að hafa bílastæðin (og viðskiptavina sem koma í heimsókn) inná athafnarsvæðinu þar sem stór ökutæki eru að krossa þarna til og frá inn og útaf svæðinu. Höfum verið í viðræðum við borgina uppá síðkastið um lausn þeirra mála og höfum lagt til lausnir í þessum málum og ekki fengið jákvæð viðbrögð ennþá við þeim.

Með von um að þessi litla samantekt okkar auki skilning borgaryfirvalda um þá miklu þörf okkar að geta stækkað athafnarsvæðið okkar á Esjumelum á næstu komandi árum.

Jón Þórir Frantzson, Forstjóri

Birgir Kristjánsson, Framkvæmdastjóri útflutnings- og hráefnasviðs

Róbert Hafsteinsson, Framkvæmdastjóri skipulags- og framkvæmdasviðs



**BRONSSLÉTTA 7, 116 REYKJAVÍK
BYGGINGARRÉTTUR Á LÓÐ.**



Umbeðið af:
Reykjavíkurborg

Fylgiskjöl:
-FMR YFIR LÓÐ
-LÓÐARUPPDRAÐTUR

Unnið af:



Sveini Eyland lögg.fasteignasala á LANDMARK fasteignamiðlun.

**LANDMARK fasteignamiðlun,
Hlíðasmára 2 - sími: 512.4900**

Verðmat

Til undirritaðra hefur leitað, Jóhanna Krístrún Birgisdóttir, f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609, og óskað eftir verðmati á byggingarrétti á lóðinni Bronsslétta 7, 116 Reykjavík.

Metið er verðmæti óbyggðs fermetra á þessu svæði án gatnagerðagjalda. Við verðmat þetta er stuðst við markaðsaðferð sem byggist á samanburði og viðmiðun á söluverði sambærilegra eigna, en ég var að meta lóð um daginn að Turnahvarfi 2 í Kópavogi. Höfð er til hliðsjónar heimil nýting lóðarinnar sbr. samþykkt skipulag og framtíðarnýtingu lóðar.

Lóð sem metin er:

Bronsslétta 7, 116 Reykjavík.

Fasteignanúmer er F2509682, landeignarnúmer er L229469.

Opinberar matstölur úr fasteingaskrá FMR.

Lóðarmat kr: 29.450.000.-

Notkunareining: lðnaðar og athafnalóð.

Stærð lóðar: 5051 fm og er útgefið heimilt byggingarmagn á lóð 2021.6 fm

Fyrirhuguð nýting lóðar samkvæmt skipulagi:

Búið er að heimila byggingu á atvinnuhúsnæði fyrir 2021.6 fm en ekki liggja fyrir samþykktar teikningar á lóðinni ennþá.

Mænishæð húss má vera allt að 9 metrum og veggshæð má vera 7 metrar.

Verðmat byggt á markaðsaðferð:

Ef horft er til markaðsaðstæðna og verðs á sambærilegum lóðum má áætla að meðalverð á óbyggðan fermetra sé kr. 45.000 .-

Miðað við heildarfjölda birtra fermetra atvinnuhúsnæðis 2021.6 fm. þá gæti matsverðið verið:


Verðmat á byggingarrétti á lóð er:

kr: 90.972.000.-

Skrifað: níutíumilljónirniúhundruðsjötíu&tvöþúsund 00/100----

Framangreindar stærðar og matstölur eru samkvæmt skrá Fasteignamats ríkisins, dags. 23.6. 2023

Kópavogur 23.júní 2023


Sveinn Eyland
Kt. 040670-5219
Lögg. fasteignasali

Sveinn Eyland, lögg.fasteignasali

FASTEIGNAYFIRLIT

Fasteignanúmer: F2509682

Bronsslétta 7, Reykjavíkurborg

ÞINGLÝSTIR EIGENDUR

Nafn	Kennitala	Heimild	Eignarhlutfall	Staða
Reykjavíkurborg	530269-7609	Afsal	100%	þ

Landeigendur
Gögn vantar

FASTEIGNAMAT

Gildandi fasteignamat 2023

29.450.000 kr.

Fyrirhugað fasteignamat 2024

28.650.000 kr.

NOTKUNAREINING - IÐNAÐAR OG ATHAFNALÓÐ

Notkunareininganúmer

N2509682

Staðfang

Bronsslétta 7

Húsmat

0 kr.

Lóðarmat

29.450.000 kr.

Brunabótamat

0 kr.

Endurstofnsverð

0 kr.

Notkun

Iðnaðar og athafnalóð

Flatarmál

0,0

Tryggingafélag

ótr

Byggingarefni

Annað

Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall	Kaupdagur	Afhending
Reykjavíkurborg	530269-7609	100%	14.07.2015	14.07.2015

Matseiningar

Merking	Lýsing	Bygg.ár	Flatarmál	Bygg.stig	Matsstig	Fasteignamat	Brunabótamat
01	Iðnaðar og athafnalóð	-	0,0	-	-	29.450.000 kr.	0 kr.

Rekstrareiningar

Engar skráðar rekstrareiningar

LANDUPPLÝSINGAR

Landeignanúmer: L229469

Gerð

Lóð

Notkun

Iðnaðar og athafnalóð

Stærð

5051,0 m²

Lóðarmat

29.450.000 kr.

Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall
Reykjavíkurborg	530269-7609	100 %

Skýringar

Byggingarstig: Samþykkt byggingarstig frá byggingarfulltrúa

Matsstig: Forsenda mats

Vísitala brunabótamats: 918,5

ATH: Þinglýst eignaskiptayfirlýsing er sú heimild sem gildir um skráningu fasteigna. Ef misræmi er á milli upplýsinga í fasteignaskrá og þinglýstrar eignaskiptayfirlýsingar þá gildir þinglýst eignaskiptayfirlýsing.

Verðmat

Bronsslétta 7, merkt 00-00, 162 Reykjavík (Kjalarnes)



Grensásvegi 11 • 108 Reykjavík • Sími 588 9090
Kennit.: 600989-1119 - eignamidlun@eignamidlun.is
eignamidlun.is

Kjartan Hallgeirsson, löggitur fasteignasali
Guðlaugur I. Guðlaugsson, löggitur fasteignasali

Fastanúmer	Eignarhluti	Byggingaár	Birt stærð	Brunabótamat	Húsmat	Lóðamat	Fasteignamat	B	M	Lýsing
250-9682	01 00 00	0	0.0	0	0	29.450.000	29.450.000		0	Jörð/íbð
Samtals			0.0	0	0	29.450.000	29.450.000			

Undirritaður hefur að beiðni Íslenska Gámafélagsins skoðað og verðmetið byggingarlóðina Bronsslétta 7, 162 Reykjavík (Kjalarnes),

Skráður eigandi eignarinnar er: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609

Lýsing eignar: Um er að ræða byggingarlóðina Bronssléttu 7. Stærð lóðar er 5.029 fm og heimilt byggingarmagn 2.021 fm. Nýtingarhlutfall 0,4. Áætlað verð án gatnagerðargjalda er kr. 50.000.000,-

Forsendur:

Verðmat þetta byggir á að um væri að ræða eign til sölu hjá Eignamiðlun og nær til hugsanlegs söluverðs miðað við markaðsaðstæður í dag. Við rökstuðning verðmatsins er litið til ástands, stærðar, staðsetningar svo og söluhorfa.

Niðurstaða

Áætlað söluverð er **50.000.000 kr. / Fimmtíumilljónir.**

Reykjavík, 28. ágúst 2023

Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggitur fasteignasali
kt. 110384-2979

Guðlaugur Ingi Guðlaugsson, Lögg.fasteignasali

